

**SKOÐUN** Efna verður strax til umræðu um Ríkisútvarpið, skrifar Guðrún Nordal. 18



**MENNING** Sara María Júlíusdóttir tekur þátt í bolakeppni á vegum tónlistarmannsins Pharrells Williams. 34



**SPORT** Íþróttafólk ársins úr röðum fatlaðra var krýnt við hátíðlega athöfn í gær. 30


Kaupum gull
silfur, demanta, málverk og vönduð úr.
3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknastöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is
KAUPUM GULL KG



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
3. desember 2013
284. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Féll fyrir skotum lögreglu

59 ára gamall karlmaður lést eftir að hafa skipst á skotum við lögreglu í gær. „Það er fullt af fólki úti um allt land sem er tifandi tímasprengjur,“ segir systir mannsins. Lögreglumenn og nágrannar fengu áfallahjálp eftir atburðinn. Ríkissaksóknari hefur hafið rannsókn á málinu.

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla á Íslandi varð í fyrsta sinn manni að bana er 59 ára gamall maður, Sævarr Rafn Jónasson, féll í skotbardaga í gærmorgun. Atburðurinn varð í blokk í Árbæ í Reykjavík.

Nágrannar mannsins höfðu heyrt hvelli tveimur tímum áður en lögregla var kölluð til.

„Þetta voru alveg nokkur skot í smá tíma þar til lögreglan kom,“ sagði sjónarvottur. Um klukkan þrjú kom lögregla á staðinn og sérsveitin skömmu síðar.

Sérsveitarmenn reyndu árangurslaust að hafa samband við Sævarr. Þá var ákveðið að brjótast inn í íbúð hans en þá skaut Sævarr að sérsveitarmönnum og hæfði einn þeirra. Síðar var reynt að yfirbuga manninn með gasvopnum. Hann hóf þá skothríð að lögreglunni út um glugga. Lögreglan ákvað að sækja Sævarr inn í íbúðina en hann skaut þá á lögreglumennina sem skutu til baka. Einn lögreglumannanna fékk skot í höfuðið en hjálmur varð honum til bjargar.

Sérsveitarmenn skutu manninn sem var úrskurðaður látinn við komu á sjúkrahús um klukkan sjö í gærmorgun.

Lögreglumennirnir særðust ekki alvarlega en þeir fengu áfallahjálp. Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur hjá ríkislögreglustjóra, segir að búið sé að þjálfa fjölda lögreglumanna til að veita félögum stuðning. „Þegar erfið áföll hafa orðið, eins og í gær, þá ljúkum við vöktum með viðrunarfundi og þar er farið yfir málið,“ segir hann.

Að ósk lögreglunnar mun ríkissaksóknari gera ítarlega rannsókn á málinu. Meðal annars hafa vopn lögreglumannanna verið tekin til hliðar til rannsóknar. Þeir hafa fengið ný vopn og halda áfram störfum.

Sævarr átti við geðræn veikindi að stríða árum saman. Hann hafði áður verið ákærður í Noregi á níunda áratugnum fyrir tilraun til manndráps. - jme / sjá bls. 2, 4 og 6



**Á VETTVANGI** Blóð litaði innganginn í morgunsárið að Hraunbæ 20 þegar 59 ára karlmaður lést eftir að hafa skipst á skotum við lögreglumenn.



**SÉRSVEITIN** Kallað var eftir aðstoð sérsveitarmanna til að yfirbuga manninn sem svaraði engu nema með skothríð.



**FLUTTUR BROTT** Byssumaðurinn var fluttur helsærður á Landspítalann eftir að hafa fengið í sig skot frá lögreglunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BROTIN RÚÐA** Byssumaðurinn skaut að lögreglunni út um svefnherbergisglugga sinn.

## HANN VAR Í MJÖG SLÆMU ÁSTANDI SEGIR SYSTIR MANNSINS

„Þetta er bein afleiðing af lélegu heilbrigðiskerfi fyrir geðfatlaða,“ segir Sigríður Ósk Jónasdóttir, systir mannsins sem lést í skotbardaga í Árbæ í gær.

„Þetta lá í loftinu, hann var í mjög slæmu ástandi og versnaði,“ segir Sigríður. „Það eru engin úrræði fyrir þetta fólk og það er fullt af fólki úti um allt land sem er tifandi tímasprengjur.“

Sigríður segir ýmis slæm teikn hafa verið á lofti undanfarið varðandi bróður hennar. Hún hafi reynt að finna úrræði fyrir hann. „En það er einhvern veginn ekkert gert og ekki hlustað á mann fyrr en allt er komið í vitleysu,“ segir hún.

Bróðir Sigríðar var á Kleppi fyrir nokkru, síðan á heimili fyrir geðfatlaða. Hann fékk svo félagslega íbúð í Hraunbænum og var þar undir eftirliti. - ebg

> **Hann hefði þurft að fara aftur á Klepp. Það er engin spurning. Hann er búinn að upplifa svo margt í lífinu. Það hefur ekki verið dans á rósum hjá honum.“**
>
> *Sigríður Ósk Jónasdóttir, systir mannsins*


Vefverslun Krumma
LEIKFÖNG Í ÚRVALI



www.krumma.is
KRUMMA
Gylfaflöt 7
112 Reykjavík
587-8700
www.krumma.is


## FRÉTTIR

### Hakkarinn reyndi innbrot víðar

Tölvuþrjóturinn sem braust inn hjá Vodafone reyndi fyrst að brjótast inn hjá öðrum íslenskum fyrirtækjum. Erum aldrei fullkomlega örugg segir **Þorleifur Jónasson**, forstöðumaður hjá Póst- og fjarskiptastofnun. 8



### Vill svör um greiðsluvanda

Formaður Samfylkingarinnar vill svör um það hvað ríkisstjórnin ætli að gera fyrir fólk með lánsveð, þá sem fengu ekki úrlausn með 110 prósent leiðinni og þá sem keyptu fasteign á versta tíma. 4

### Fengu ekki jólauppbót

Atvinnuleitendur fengu ekki greidda desemberuppbót um mánaðamótin eins og undanfarin þrjú ár. Velferðarráðherra kveðst berjast fyrir aukafjárveitingu. 12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | | SV | 8 |
| Akureyri | -2° | | SV | 7 |
| Egilsstaðir | -3° | | SV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | | SV | 7 |
| Reykjavík | 1° | | SV | 13 |

**VÍÐA ÉL** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s, en 10-18 syðst. Víða él en úrkomulítið eystra. Frost víða 0-5 stig en frostlaust við suðurströndina. 4

**2 SÉRBLÖÐ** Bílar Fólk





GJAFABRÉF Í ÚRVALI
Gefðu ávísun á góða heilsu í jólagjöf



World Class ICELAND
LAUGAR SPA

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

## SPURNING DAGSINS



Unnur, er bara allt í þessu fína frá Kína?

**„Já, fína Kína/er sem safarík appelsína/góð fyrir þig og góð fyrir mig/sem og alla hina.“**

Unnur Guðjónsdóttir, hefur heimsótt Kína 37 sinnum og er félagi í Kínversk-íslenska menningarfélaginu sem fagnar nú 60 ára afmæli.

Veðurstofan spáir kuldakasti seinnipart vikunnar með allt að tuttuga stiga frosti:

# Bílvélar geta jafnvel skemmst í frostinu

**VEÐUR** Veðurstofa Íslands spáir miklu kuldakasti á landinu frá miðvikudegi fram á föstudag. Frostið gæti farið í 20 gráður segir veðurfræðingur. Bíleigendur eru minntir á að búa bíla sína undir frostið.

„Það er kalt heimskautaloft að síga yfir landið. Það er stór og voldug hæð suður í hafi sem dregur heimskautaloftið yfir landið og veldur þessum mikla kulda,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Frostið mun víða verða á bilinu 10 til 15 stig, og staðbundið mun það fara í 20 stig, segir Þorsteinn.

Hann segir að spár geri ráð fyrir því að kuldakastið muni vara fram á aðfaranótt laugardags þegar suðvestanáttin muni færa landsmönnum hlýindi.

Sigurjón Bruno, bifvélavirki og tæknistjóri hjá Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur, brýnir fyrir bíleigendum að búa bílana undir kuldann. Kanna þarf frostþol á frostlegi á vélinni. Sé frostþolið ekki nóg getur vélin, vatnskassinn og fleira skemmst í frostinu. Þá þarf að gæta þess að rúðuúði þoli nægilega mikið frost.

Rafgeymar geta farið í frostinu og raki myndast í gamalli olíu. Hvort tveggja hefur þær afleiðingar að bílarnir fara ekki í gang.

Sigurjón segir að fólk sem fari reglulega með bílinn sinn í smurningu þurfi ekki að hafa áhyggjur, en þeir sem hafi sparað sér það undanfarið ættu að drífa sig af stað. - bj



**MÆLT** Hægt er að mæla frostþol á frostlegi bílvéla á bensínstöðvum og smurstöðvum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÓSTFLUTNINGADRÓNI** Þetta er tækið sem Amazon hefur verið að prófa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Amazon prófar nýjung:

## Heimsendingar með drónum

**BANDARÍKIN** Bókavefverslunin Amazon hefur verið að þreifa sig áfram með að nota ómönnuð flugför, svonefnda dróna, til að senda vörur heim til fólks.

Flugumferðaryfirvöld í Bandaríkjunum hafa þó enn ekki gefið samþykki sitt til þess að drónar verði notaðir með þessum hætti.

Í viðtali við bandaríska fréttaskýringaþáttinn 60 mínútur sagðist Jeff Bezos, framkvæmdastjóri Amazon, þó reikna með að þetta geti orðið að veruleika innan fimm ára. Drónarnir geti þá flutt vörurnar heim til viðskiptavina í Bandaríkjunum á innan við hálftíma eftir að pöntun berst. - gb

Mannréttindafulltrúi SÞ:

## Assad sakaður um stríðsglæpi

**SÝRLAND** Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, segir að rannsókn hafi leitt í ljós að æðstu yfirvöld í Sýrlandi hafi gefið fyrirskipanir um árásir, sem falli undir stríðsglæpi.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sameinuðu þjóðirnar ásaka Bashar al Assad Sýrlandsforseta beint um hlutdeild í stríðsglæpum.

Hún segir uppreisnarmenn í Sýrlandi einnig hafa gerst seka um alvarlega stríðsglæpi. Bæði stjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar hafi sýnt ótrúlega grimmd. - gb

# Byssumaður skotinn til bana

Eftir þriggja klukkustunda umsátur í Hraunbæ var 59 ára karlmaður skotinn af sérsveitarmönnum. Hann lést af sárum sínum á Landspítalanum. Maðurinn skaut á lögregluna og sérsveitarmenn, sem sluppu við meiðsli.

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveitarmenn réðust inn í blokkaríbúð í Hraunbæ í Reykjavík í gærmorgun og skutu 59 ára karlmann, sem síðar lést af sárum sínum.

Maðurinn hafði skotið á lögregluna úr tveimur gluggum á íbúð sinni með haglabyssu, auk þess sem hann hafði skotið á sérsveitarmenn inni í stigaganginum. Mikið hættuástand ríkti á svæðinu og stóð það yfir í um þrjár klukkustundir, eða frá klukkan þrjú um nóttina til rúmlega sex þegar maðurinn var yfirbugaður.

Um þrjúleytið var lögreglu tilkynnt um að háværir hvellir hefðu borist frá íbúðinni og voru almennir lögreglumenn sendir þangað til að kanna málið. Sérsveitarmenn voru sendir þeim til aðstoðar. Þegar þeir reyndu að hafa samband við íbúann og fengu ekki svar var hurðin að íbúð hans opnuð og skaut maðurinn þá að sérsveitarmönnunum. Skotið lenti í skildi sérsveitarmanns sem kastaðist við það aftur og féll niður stiga.
Lögreglan dró sig til baka og kallað var á auka liðsstyrk. Því næst voru íbúðir í stigaganginum rýmdar og almennu lögreglumönnunum komið út. Einnig voru sjúkrabílar kallaðir á vettvang.

Að því loknu, og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ná sambandi við byssumanninn, og í ljósi almannahættu vegna fólks sem var á ferli í nágrenni hússins, var ákveðið að reyna að yfirbuga manninn með gasvopnum. Þá byrjaði maðurinn að skjóta út um glugga íbúðarinnar.

„Þetta voru alveg nokkur skot í smá tíma þar til lögreglan kom,“ sagði einn sjónarvotta í samtali við Vísi og bætti við að lögreglumenn hefðu falið sig á bak við jeppa og byrjað að skjóta inn um glugga. „Ég var inni í herbergi. Þá var hann hlaupandi um íbúðina í stofunni og eldhúsinu með byssuna. Hann byrjaði að skjóta á lögregluna og skaut á bílinn, en þá fór þjófavörnin í gang. Svo skutu þeir táragasi og íbúðin fylltist af reyk.“

Samkvæmt fréttatilkynningu frá lögreglu var ekki ljóst hvort beiting gasvopna hefði haft fullnægjandi áhrif og þess vegna var ákveðið að sækja manninn. Þegar sérsveitarmenn réðust inn í íbúðina skaut hann nokkrum skotum að sérsveitarmönnum og hitti í höfuð eins þeirra sem féll við, auk þess sem skot fóru fram hjá höfðum annarra. Á þeirri stundu var maðurinn skotinn af sérsveitinni og hann yfirbugaður.

Sérsveitarmenn reyndu strax að bjarga lífi mannsins og skömmu síðar var hann fluttur á slysadeild. Hann var síðan úrskurðaður látinn. Meiðsli lögreglumannanna reyndust ekki alvarleg og ljóst að hlífðarbúnaður þeirra kom í veg fyrir mjög alvarleg meiðsli. Einnig er ljóst að lögreglumennirnir sem fóru fyrst á staðinn voru í mikilli hættu.

Í tilkynningu lögreglunnar harmaði hún umræddan atburð og vildi koma á framfæri innilegum samúðarkveðjum til ættingja mannsins. freyr@frettabladid.is





FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÖGREGLAN** Fjölmennt lið lögreglumanna tók þátt í miklum aðgerðum við Hraunbæ 20 í fyrrinótt og fram eftir degi.

➜ Íbúar voru fluttir á brott um miðja nótt og vettvangurinn girtur af svo tæknideild löreglunnar gæti athafnað sig. Til að byrja með fengu íbúarnir skjól í Árbæjarkirkju.





## Óttaslegnir íbúar í Hraunbæ vöknuðu upp við vondan draum

### ➜ Tók Rambó á þetta

„Hann var hlaupandi um íbúðina, í stofunni og eldhúsinu með byssuna. Hann byrjaði að skjóta á lögregluna og skaut á bílinn. Svo skutu þeir táragasi og íbúðin fylltist af reyk,“ segir kona, sem sá inn um glugga í svefnherbergi byssumannsins þar sem hann lagðist í rúm með vopnið. „Hann tók bara Rambó á þetta, bara með risabyssu, sest upp í rúminu og byrjar að skjóta og leggst svo niður aftur. Síðan hringir lögreglan í mig og ég segi að hann sé í öðru herbergi og þá skjóta þeir einhverju „uniti“ þarna inn og kemur bara sprenging.“

### ➜ Alveg ömurlegt

„Ég vaknaði við skelli,“ segir eldri kona, sem fylgdist með úr eldhúsglugganum ásamt dóttursyni sínum á menntaskólaaldri. „Ég sá þegar þeir byrjuðu að skjóta. Mér þótti þetta voða ömurlegt.“

### ➜ Virkaði sérstakur

Íbúi í stigagangi byssumannsins hélt sig inni þar til lögreglan sótti hann og aðra íbúa.

„Ég fattaði ekki hvað var að gerast,“ segir maðurinn og kveðst lítið samband hafa átt við byssumanninn. Ég talaði einu sinni við hann á göngunum. Hann var tiltölulega nýkominn í stigaganginn en það var búið að ganga svolítið á. Hann virkaði sérstakur.“

### ➜ Byrjaði með hvelli

Yngri kona segir lætin hafa byrjað með hvelli um tvöleytið. „Stuttu seinna komu löggubílar og sérsveitin og rýmdu stigaganginn. Seinna sá ég lögregluna bera hann út,“ segir hún. Hún kveður manninn hafa verið skuggalegan og vandræði verið í kringum hann, enda hafi hann oft verið drukkinn „Jú, svona lagað gerist ekki á hverjum degi,“ svarar hún spurð hvort hún hafi verið óttaslegin.

### ➜ Fríkaði alveg út

„Ég var alein hérna og hugsað með mér: „Hvað er að ske?“ Planið orðið fullt af lögreglubílum og sjúkrabílum,“ segir Oddný Vestmann. „Svo fattaði ég: „Guð minn góður það er einhver að skjóta og ég gjörsamlega fríkaði út,“ segir Oddný sem fór niður til nágranna sinna.

„Sem var ágætt því þá fyrst upphófust stórskotin,“ segir hún.

### ➜ Um fimmtíu skot

„Þegar víkingasveitin kom byrjuðu þeir að taka fólkið á stigaganginum hans út bakdyramegin, börn og fólk á öllum aldri. Svo byrjar þessi skothríð hinum megin og hún stendur yfir í dágóðan tíma,“ segir íbúi. „Ég heyrði alveg fimm, sex, jafnvel sjö „ránd“, alveg örugglega um fimmtíu skot.“ Hann segist aldrei hafa orðið smeykur. „Nei, nei, það voru fjörutíu löggur fyrir utan. Ég hafði engar áhyggjur af þessu.“


20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM
Að vakna endurnærð/ur
eftir góðan svefn er ein
besta stund dagsins
Jólatilboð
20-50% afsláttur
af öllum heilsurúmum
Sérfræðingar í heilsurúmum
12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*
* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.
CLASSIC - rafstillanlegt
Einbreið heilsurúm á verði frá 190.049,-
Tvíbreið heilsurúm á verði frá 346.995,-
DRAUMEY
Einbreið heilsurúm á verði frá 70.224,-
Tvíbreið heilsurúm á verði frá 129.360,-
ROYAL - rafstillanlegt
Einbreið heilsurúm á verði frá 302.391,-
Tvíbreið heilsurúm á verði frá 566.991,-
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
sabrino
Ítölsk hönnun - hágæða sófasett
Kynningarverð
SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

## SVONA ERUM VIÐ



**2013-2060** er gert

**ráð fyrir að mannfjöldi á Íslandi verði 430.545 í lok tímabilsins miðað við 321.857 íbúa 1. janúar 2013.**

Lægsti fjöldi landsmanna í spánni verður 387.597 íbúar 1. janúar 2060, en samkvæmt hæstu spá 490.976 talsins.

*Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands*

Áhrif skuldaaðgerða á stöðu fólks í greiðsluvanda voru til umræðu á Alþingi í gær:

# Greiðsluvandinn enn óleystur hjá sumum

**STJÓRNMÁL** Áhrif skuldaleiðréttinga á stöðu fólks í greiðsluvanda voru rædd á Alþingi í gær. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra hvernig ríkisstjórnin hygðist leysa vanda þeirra sem áfram munu glíma við greiðsluvanda vegna neikvæðrar eiginfjárstöðu, þrátt fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu skuldugra heimila.

Nefndi Árni sérstaklega þrjá hópa: fólk með lánsveð, fólk sem ekki fékk fullnægjandi úrlausn með 110 prósent leiðinni og þá sem keyptu á fasteign á versta tíma, það er tímabilinu 2005 til 2007. Fjármálaráðherra svaraði því til að aðgerðirnar gagnaðist öllum þeim sem vildu leggja eitthvað af mörkum sjálfir. „Hóparnir, sem háttvirtur þingmaður er sérstaklega að tala um, geta einmitt létt greiðslubyrðina sína með því að fá frjálst val og skattalegan hvata til þess að setja sparnaðinn sinn inn á húsnæðislán,“ sagði ráðherra.

„Það stóra sem stendur eftir er að fjármálaráðherra segir að ekki standi til að gera neitt fyrir þá sem eru áfram í neikvæðri eiginfjárstöðu eftir þessar aðgerðir,“ segir Árni um svar ráðherra. Í gær lagði Árni fram skriflega fyrirspurn til forsætisráðherra í níu liðum um áhrif aðgerðanna út frá eignum og tekjum fólks. **- eb**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Formaður Samfylkingarinnar vill svör um vanda þeirra sem eru með lánsveð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagastuðningur lögreglumanna mikilvægur:

## Dauðsfall í lögregluaðgerð er mikið áfall segir sálfræðingur



**SÁLFRÆÐINGUR RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA** Ólafur Örn Bragason segir félagastuðning lögreglumanna vera mikilvægan eftir erfið áföll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LÖGREGLAN** „Við vinnum hörðum höndum að því að styðja okkar fólk,“ segir Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra. Ólafur getur ekki tjáð sig um einstök mál eins og líðan lögreglumannanna sem voru í skothríðinni í Hraunbæ í gær. Það er þó vitað að það er mjög stór streituþáttur fyrir lögreglumann þegar maður lætur lífið í aðgerð.

„Við erum með skipulagðan félagastuðning, það er stuðningur félaganna á milli og virkar sem brú yfir í fagþjónustu. Alltaf þegar alvarleg atvik eiga sér stað, til dæmis dauðsföll eða ofbeldi gegn lögreglumönnum, þá virkjum við þetta kerfi.“ Ólafur Örn segir stuðning félaganna skipta miklu máli í svona aðstæðum.

„Það er búið að þjálfa upp fjölda lögreglumanna við að veita félögum stuðning. Þegar erfið áföll hafa orðið, eins og í gær, þá ljúkum við vöktum með viðrunarfundi og þar er farið yfir málið. Þannig veitum við fyrsta stuðning.“ **- epg**

Vísað ævilangt frá Noregi vegna ýmissa afbrota:

## Beindi byssu að lögreglu í Noregi

**LÖGREGLUMÁL** Skotmaðurinn í Árbæ átti langan afbrotaferil að baki í Noregi. Hann var sendur til Íslands í fylgd norskra lögreglumanna sumarið 1982. Þau skilaboð fylgdu að honum hefði verið vísað ævilangt frá Noregi vegna þjófnaðarmála. Eigi að síður hélt hann aftur til Noregs, því haustið 1986 kemur lögreglan að honum þar sem hann er að brjótast inn. Maðurinn var þá vopnaður og dró upp sjálfvirka skammbyssu og beindi henni að lögregluþjóni. Hann var í kjölfarið ákærður fyrir tilraun til manndráps, innbrot, þjófnað og fyrir að hafa fíkniefni í fórum sínum. **- jme, hh**

Skotvopnin sem sérsveitin notaði í gær tekin til hliðar:

## Verða rannsökuð af saksóknara

Tvær tegundir af níu millimetra skotvopnum eru í eigu sérsveitar ríkislögreglustjóra. Annars vegar er um að ræða léttar vélbyssur af gerðinni Heckler & Koch MP5, hins vegar skammbyssur af gerðinni Glock. Flestar sérsveitir heims nota þessar tegundir skotvopna. Byssurnar sem notaðar voru í aðgerðum sérsveitarinnar í gær hafa verið teknar til hliðar á meðan saksóknari rannsakar málið. **- gb**



**SKOTVOPN** Glock-skammbyssa og vélbyssa af gerðinni Heckler & Koch MP5.

# Árásin á sér engin fordæmi á Íslandi

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri segir að árásin í Hraunbæ eigi sér engin fordæmi á Íslandi. Fimmtán til tuttugu lögreglumenn komu að aðgerðinni, auk sérsveitarmanna. Ríkissaksóknari mun rannsaka atburðarásina.

**LÖGREGLUMÁL** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sagði á blaðamannafundi sem haldinn var í gær að árásin í Hraunbæ ætti sér engin fordæmi í Íslandssögunni. Meðal annars hafi verið haft samband við innanríkisráðherra og ríkissaksóknara, en gerð verður rannsókn á aðgerð lögreglunnar.

„Hörmulegur atburður átti sér stað í nótt sem endaði með því að maður lést,“ sagði Haraldur.

Þetta er í fyrsta sinn sem maður deyr af völdum skotvopna í átökum við lögreglu. Hann var vopnaður haglabyssu en á fundinum var ekki hægt að upplýsa hvort hann var skráður fyrir henni sjálfur.

Aðspurður sagðist Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, ekki geta sagt til um hvort aðgerðin hafi verið sú umfangsmesta í sögu lögreglunnar. Hann gat heldur ekki sagt til um hvort lögreglan hefði áður haft afskipti af manninum eða hvort hann hefði verið undir áhrifum vímuefna.

Stefán staðfesti að mikil hætta hefði verið á ferðum. „Ég held að það sé óhætt að segja að þarna hafi allir verið í mjög mikilli hættu. Íbúar og þeir lögreglumenn sem að þessu komu.“ Fram kom að einn sérsveitarmanna hefði fengið skot í hjálm og andlit, annar í vesti og hönd.

Fundað var með lögreglu- og sérsveitarmönnunum sem komu að aðgerðinni, að henni lokinni. „Að sjálfsögðu tekur þessi atburður mikið á alla sem að koma,“ sagði Haraldur. „Þeir hafa fengið aðstoð frá okkar sálfræðingum. Í raun og veru má segja að við höfum gert það sem við getum til að tryggja vellíðan okkar starfsmanna. En að sjálfsögðu er hugur okkar líka hjá ættingjum mannsins.“

Allir sérsveitarmennirnir sem komu að aðgerðinni eru enn við störf. Skotvopnin þeirra hafa verið tekin til rannsóknar og hafa þeir þegar fengið ný vopn. Engir sérsveitarmenn fara í frí eftir atburðinn. Þeir munu halda áfram störfum nema þeir óski eftir öðru. Ríkissaksóknari mun rannsaka framgöngu lögreglunnar. Í tilkynningu lögreglu í gær segir að við fyrstu sýn Við fyrstu sýn verður ekki betur séð en sérsveitarmennirnir hafi farið eftir verklagsreglum. **freyr@frettabladid.is**




**Á BLAÐAMANNAFUNDI** Stefán Eiríksson og Haraldur Johannessen á blaðamannafundinum í gær. Haraldur sagði atburðinn í Hraunbæ hörmulegan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **„Að sjálfsögðu er hugur okkar líka hjá ættingjum mannsins…“**
>
> *Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÖRKUFROST** fram undan næstu daga og á fimmtudag og föstudag má gera ráð fyrir tveggja stafa frosttölum víða um land og allt að -20°C inn til landsins. Minnkandi él á morgun og léttir til syðra en áfram éljagangur um landið norðanvert.




**Á morgun**
8-13 m/s, hvassast NV- og SA-til.




**Fimmtudagur**
10-18 m/s A-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 7° | Gautaborg | 7° | London | 7° | Orlando | 24° | San Francisco | 13° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 17° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 6° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 24° | New York | 10° | París | 5° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# SÉRVERÐ Á VÖLDUM TÆKJUM




SÝNUM HÉR NOKKUR DÆMI

**BJÓÐUM FLEIRI GERÐIR AF AEG HEIMILISTÆKJUM Á MJÖG HAGSTÆÐUM VERÐUM**

BE3003001-M




Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.

**SÉRVERÐ: 99.900 kr.**

*(Listaverð: 134.900 kr.)*

HK634000 XB



Helluborð af bestu gerð

**SÉRVERÐ: 89.900 kr.**

*(Listaverð: 115.900 kr.)*

L75470



AEG þvottavél · 7 kg · 1400 sn/m

**SÉRVERÐ: 139.900 kr.**

*(Listaverð: 179.900 kr.)*



Hæð: 154 cm
Kælir: 208 L
Frystir: 61 L

**SÉRVERÐ: 99.900 kr.**

*(Listaverð: 123.900 kr.)*



Hæð: 185 cm
Kælir: 245 L
Frystir: 92 L

**SÉRVERÐ: 159.900 kr.**

*(Listaverð: 204.900 kr.)*



**20% AFSLÁTTUR**

KOMDU OG GERÐU *FRÁBÆR* KAUP!

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR-Byggingavörur** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SUÐÁRKRÓKI | SILGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

## SKOTÁRÁSIN Í HRAUNBÆ 2.12.2013

**02:00** Nágrannar heyra undarlega hvelli sem þeir átta sig ekki á.

**03:00** Lögreglu tilkynnt um háværa hvelli sem berast frá íbúð í Hraunbæ. Lögreglumenn og sérsveitarmenn sendir á vettvang.

**04:00** Sérsveitarmenn ætla inn í íbúðina. Maðurinn skýtur af haglabyssu og hæfir einn lögreglumann. Kallað er eftir liðsstyrk.

**05:00** Íbúðir við stigaganginn rýmdar og almennum lögreglumönnum komið út úr húsinu.

**05:30** Maðurinn skýtur á lögregluna úr eldhúsinu og fer síðan inn í svefnherbergið, leggst í rúmið með haglabyssuna og skýtur á lögreglu.

**06:00** Ákveðið að reyna að yfirbuga manninn með beitingu gasvopna.

**06:30** Maðurinn yfirbugaður af sérsveitarmönnum og fluttur á sjúkrahús. Skömmu síðar var hann úrskurðaður látinn.

Inngangur inn í íbúð




# Hraunbærinn í heljargreipum

Sannkallað umsátursástand ríkti í nokkrar klukkustundir í Hraunbænum í Árbæjarhverfi Reykjavíkur þegar karlmaður hóf skothríð á lögreglu- og sérsveitarmenn. Nágrannar mannsins voru að vonum óttaslegnir yfir því sem fram fór og þorðu ekki út úr húsi. Fylgdust þeir með úr gluggum íbúða sinna þegar lögreglan og sérsveitin reyndi hvað hún gat til að stöðva manninn. Lögreglan flutti þá sem bjuggu í sama stigagangi og byssumaðurinn í burtu og kom þeim fyrir í hjálparmiðstöð í Árbæjarkirkju. Eftir að maðurinn hafði verið yfirbugaður var svæðið girt af og gátu nágrannarnir þá loksins andað léttar. Fimmtán til tuttugu lögreglumenn komu að aðgerðinni, auk sérsveitarmanna.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

Gleðilegar gjafir
í alla pakka




Mundu eftir jólahandbók Lyfju



Lyfja hefur að bjóða gjafavöru í úrvali fyrir alla fjölskylduna.
Hjá okkur færðu fallegar gjafir sem koma sér ávallt vel.
Hver sem árstíðin er þá höfum við alltaf sama takmark:
Við stefnum að vellíðan.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík


Jóladagatal ÓB
Þú gætir unnið 200.000 kr. eldsneytisúttekt
eða gulllykil ÓB sem veitir 20 kr. afslátt í 10 skipti.
Alla daga fram að jólum verða ótrúlega góð jólatilboð á Olís fyrir handhafa ÓB-lykla. Allir sem nota lykilinn fara í pott. Því oftar sem þú veifar lyklinum í desember, því oftar fer þitt nafn í pottinn. Daglega drögum við út gulllykil ÓB. Þú finnur jólatilboð dagsins á Facebook-síðu ÓB. Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!
5.
14.
8.
4.
18.
1. DES
30%
AFSLÁTTUR AF
RÚÐUVÖKVA
HJÁ OLÍS*
12.
10.
16.
10.
7.
22.
20.
23.
2. DES
35%
AFSLÁTTUR AF
FROSTLEGI
HJÁ OLÍS*
15.
3. DES
40%
AFSLÁTTUR AF
BAKKELSI
HJÁ OLÍS*
21.
9.
13.
11.
17.
6.
19.
*ÖLL TILBOÐ VIRKA MEÐ ÓB LYKLINUM
Afslátturinn gildir einnig
með Staðgreiðslukorti
og Tvennukorti Olís.
PIPAR\TBWA - SÍA - 133476

# Reyndi að brjótast inn hjá fleirum

**Tölvuþrjóturinn sem braust inn hjá Vodafone aðfaranótt laugardags reyndi fyrst að brjótast inn hjá öðrum íslenskum fyrirtækjum. Getum aldrei verið fullkomlega örugg segir sérfræðingur. Íslensk fyrirtæki og stofnanir eru að verða meira meðvituð um hættuna af netárásum.**

**FJARSKIPTI** Tölvuþrjóturinn sem braust inn á vefsíðu Vodafone aðfaranótt laugardags og stal persónuupplýsingum um notendur vefjarins hafði áður kannað möguleika á að brjótast inn hjá öðru íslensku fjarskiptafyrirtæki og hjá íslensku hýsingarfyrirtæki.



ÞORLEIFUR JÓNASSON

„Hann var að öllum líkindum bara að fiska,“ segir Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Spurður hvort tölvuþrjóturinn hafi ekki haft erindi sem erfiði í tilraunum til að brjótast inn annars staðar en hjá Vodafone segir Þorleifur í það minnsta ljóst að hann hafi fyrst náð árangri í að brjótast inn á vef Vodafone.

„Þetta er fyrsta alvarlega netárásin sem er gerð hér á landi,“ segir Þorleifur. Hann er forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar og netöryggissveitin, stundum kölluð CERT-ÍS, heyrir þar undir. Hann segir sveitina hafa orðið vitni að innbrotum á aðrar vefsíður, en það sem sé alvarlegt í þessu máli sé hversu miklum gögnum þjófurinn hafi náð, og viðkvæmum persónugreinanlegum upplýsingum sem þar hafi verið að finna.

Upplýsingar sem liggja að baki vefsíðum eiga að vera dulkóðaðar, en voru ekki í öllum tilvikum hjá Vodafone. Þorleifur segir að slík dulkóðun veiti mikið öryggi.

„Það er hægt að ganga þannig frá hlutum með dulkóðun að þeir séu vel varðir, en það er ekki hægt að vera 100 prósent öruggur, hvort sem það er á netinu eða í umferðinni,“ segir Þorleifur. „Það er hægt að gera ráðstafanir, en það er aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir slys, ekki frekar en í umferðinni.“

## Bregðast við árásum

Þorleifur segir íslensk fyrirtæki og stofnanir orðin meðvitaðri um hættuna af netárásum. „Það hefur orðið mikil breyting á síðustu árum, og menn eru að átta sig á hættunni. Það hefur orðið vitundarvakning á síðustu árum.“

Netöryggissveitin var kölluð til og aðstoðaði Vodafone eftir innbrotið. „Við hjálpuðum þeim að nýta þær upplýsingar sem lágu fyrir og komu í ljós og deildum þeim með öðrum fyrirtækjum svo þau gætu brugðist við með réttum hætti,“ segir Þorleifur.

Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar hefur það hlutverk að bregðast við netárásum á mikilvæga innviði landsins, og koma að fyrirbyggjandi vörnum. Sveitin hefur hingað til einbeitt sér að því að koma á samstarfi við fjarskiptafyrirtækin, en unnið er að því að kynna þjónustu netöryggissveitarinnar fyrir fleiri mikilvægum fyrirtækjum og stofnunum og bjóða þeim upp á samstarf.

„Við erum að byrja að bjóða öðrum fyrirtækjum, sem eru hluti af ómissandi eða mikilvægum innviðum samfélagsins, þjónustu okkar. Það eru til dæmis fjármálafyrirtækin, orkufyrirtæki, heilsugæslan og fleiri,“ segir Þorleifur. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við því.“

Fyrirtækin sem fara í samstarf við netöryggissveitina gera samning við Póst- og fjarskiptastofnun, og þurfa sjálf að greiða fyrir þjónustuna.

Nú er í gangi vinna hjá innanríkisráðuneytinu til að móta stefnu um netöryggismál Íslands. „Þetta er mjög mikilvægt verkefni og áríðandi að það verk verði klárað. Ég veit að innanríkisráðherra leggur mikla áherslu á þetta mál,“ segir Þorleifur.

Hann segir netöryggi langhlaup, vanda þurfi vinnuna. Afleiðingarnar af því að gera ekkert geti orðið skelfilegar. Í þessu tilviki var brotist inn á vefsíðu og gögnum stolið, en erlendis eru þekkt dæmi um að tölvuþrjótar komist inn í stjórnkerfi fyrirtækja.

„Við nefnum oft orkugeirann í þessu samhengi, það er vissulega einn af okkar ómissandi innviðum sem þarf að reyna að verja eins og hægt er. Við vitum öll hvaða afleiðingar það hefði ef það yrði raunin að það væri hægt að leggja orkufyrirtæki á hliðina,“ segir Þorleifur. brjann@frettabladid.is



**INNBROT** Tyrkneskur tölvuþrjótur náði að stela miklu magni persónuupplýsinga frá Vodafone aðfaranótt laugardags. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Um 100 vildu skoða gögn Vodafone



Um 100 manns komu á Málflutningsstofu Reykjavíkur í gær til að skoða hvort gögn um viðkomandi væru meðal þess sem stolið var af Vodafone, segir **Hrannar Pétursson**, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone.

Talsverð bið var eftir því að komast til að skoða gögnin. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins leit við í hádeginu var áætluð bið um 90 mínútur. Upphaflega stóð til að gera gögnin aðgengileg í gær og í dag, en Hrannar segir nú unnið að því að finna aðrar leiðir til að leyfa fólki að skoða hvaða gögn um það voru meðal þess sem var stolið.

## Skoða hvernig tryggja má öryggi á netinu



„Þetta mál gefur okkur tilefni til að skoða hvernig við tryggjum betur öryggi fólks á netinu,“ segir **Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra. Hún segir ábyrgðina í þessu tiltekna máli þó liggja hjá Vodafone.

„Við þurfum að skoða hvernig eftirliti er háttað, hvernig lagaramminn er og hvort viðbúnaður okkar og eftirlit sé í samræmi við þá tíma sem við lifum og þá tækni sem við erum að nýta okkur,“ segir Hanna.

Hún segir að almenningur verði að geta nýtt sér tæknina án þess að eiga það á hættu að persónuleg gögn og samskipti séu gerð opinber. Það eigi við um fjarskiptafyrirtækin jafnt sem önnur fyrirtæki.

Ísland hefur verið framarlega í því að innleiða rafræna stjórnsýslu, og ýmis mjög persónuleg gögn um einstaklinga eru aðgengileg hjá ýmsum stofnunum ríkisins í gegnum netið.

Hanna Birna segir að öryggi rafrænnar stjórnsýslu sé afar mikilvægt. „Menn verða að geta treyst því, og eiga að geta treyst því, að það sem fer inn í þessa rafrænu stjórnsýslu sé öruggt,“ segir Hanna Birna. Hún segir aldrei hægt að koma í veg fyrir innbrot í tölvukerfi, en tryggja verði að gögnin sjálf séu vernduð.

Vinna við að móta stefnu í netöryggismálum er nú í gangi í innanríkisráðuneytinu, og á því starfi að ljúka um mitt næsta ár. Hanna Birna segir þrátt fyrir það mikilvægt að skoða hvernig farið er með þessi mál í dag.

## Forsvarsmenn Vodafone fyrir þingnefnd



**Katrín Jakobsdóttir**, formaður Vinstri grænna, hefur óskað eftir því að stjórnendur Vodafone verði kallaðir á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að ræða gagnastuldinn frá fyrirtækinu. Ákveðið hefur verið að halda fundinn á morgun. Katrín óskaði einnig eftir því að fulltrúar Póst- og fjarskiptastofnunar og mögulega annarra fjarskiptafyrirtækja en Vodafone yrðu kallaðir fyrir nefndina.

„Ég óskaði eftir þessum fundi til að fara yfir málið,“ segir Katrín. Hún segir að Vodafone hafi brotið lög með því að geyma gögn lengur en lög heimili. Eðlilegt sé að fara yfir málið og eftirlit stjórnvalda með því að fjarskiptafyrirtæki fari að lögum. Þá sé eðlilegt að ræða hvort lagaákvæði um gagnageymd hafi einhverju skilað, og hvort endurskoða þurfi það ákvæði.

## Vodafone sló eigið met í kauphöllinni

Hlutabréf í Fjarskiptum, móðurfélagi Vodafone, lækkuðu um 12,1 prósent í Kauphöll Íslands í gær þegar markaðurinn brást við fréttum af netárásinni á laugardag.

Lækkun Fjarskipta var mesta lækkun á verði hlutabréfa í kauphöllinni frá endurreisn markaðarins í lok árs 2011. Fjarskipti slógu þar með eigið met, en fyrra metið var 7,7 prósenta lækkun Fjarskipta í maí eftir birtingu uppgjörs eftir fyrsta ársfjórðunginn.

Spurður um þessa lækkun segir Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone: „Okkar áhyggjur liggja fyrst og fremst annars staðar í dag, hjá viðskiptavinum okkar. Markaðurinn hefur sinn sjálfstæða vilja og greinir málið með einhverjum tilteknum hætti, við fylgjumst bara með því.“

➜ Mikil lækkun

| Félag | Dags | Lækkun |
|---|---|---|
| Fjarskipti | 2. des 2013 | 12,1% |
| Fjarskipti | 30. maí 2013 | 7,7% |
| Össur | 29. apríl 2013 | 6,2% |
| Marel | 4. nóv 2012 | 5,6% |
| Marel | 26. júlí 2012 | 5,0% |



# STALDRAÐU VIÐ
## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# Stök námskeið á meistarastigi
## við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er til 6. desember næstkomandi**

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Forysta, kennsla og fræðsla
Líknarmeðferð

### HAGFRÆÐIDEILD

Bankar og fjármálamarkaðir
Hagrannsóknir í meistaranámi
Rekstrarhagfræði V fyrir meistaranema
Skuldabréf
Þjóðhagfræði í meistaranámi II
Þættir í heilsuhagfræði

### FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Samtími og kynlíf

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Dulúð og kristin íhugun
Grunnnámskeið í verklegri sálgæslu
Sálgæsla og öldrun

### FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

Sakfræði og löggæslukerfið

### MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD

Gæðastjórnun matvæla
Lýðheilsunæringarfræði
Stjórnun og rekstur matvælafyrirtækja
Vöruþróun matvæla

### UMHVERFIS- OG BYGGINGARVERKFRÆÐIDEILD

Húsbyggingartækni og heildarsýn

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Alþjóðamarkaðssetning
Breytingastjórnun
Endurskoðun II-hluti
Endurskoðun IV-hluti
Fjárfestingar fyrirtækja
Fyrirtækjaskattaréttur
Mat á árangri og framkvæmd stefnu
Rannsóknir í markaðsfræði
Rannsóknir og tölfræði
Reikningsskilakenningar
Samhæfð markaðssamskipti
Samningagerð
Samstæðureikningsskil
Stefnumiðuð stjórnun
Stefnumiðuð vörumerkjastjórnun
Stjórnsýsluendurskoðun
Stjórnun nýsköpunar
Stjórnun þekkingarferla
Tölvutækni í fjármálum
Verkefnastjórnun og ráðgjöf
Vinnuréttur
Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa
Þróun mannauðs

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

Góðar jólagjafir

Led-ljós, verð frá kr. 995

kahtoola
MICROspikes keðjubroddar
Tilboðsverð kr. 9.995 með geymslupoka

Ennisbönd og höfuðklútar
ýmsir litir, merino ull og fleece,
verð frá kr. 2.995

MOUNTAIN EQUIPMENT

Fjord Nansen
Hitabrúsar, verð frá kr. 3.500

Göngustafir,
verð frá kr. 9.995

Húfur, verð frá kr. 5.995

Hanskar,
verð frá kr. 6.995

www.alparnir.is

Góð gæði
Betra verð

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

GLERÁRGÖTU 32, AKUREYRI, SÍMI 461 7879 • KAUPVANGI 6, EGILSSTAÐIR, SÍMI 471 2525 • FAXAFENI 8, REYKJAVÍK, SÍMI 534 2727



Íslensk orka til Bretlands?

EGG & BEIKON fundur Bresk-íslenska viðskiptaráðsins
Hilton Nordica | miðvikudaginn 4. desember | kl. 8.15-10.00

Bretar hafa á undarförnum misserum sýnt mikinn áhuga á samstarfi við Íslendinga í orkumálum og horft til þess að kaupa orku frá Íslandi um sæstreng.

National Grid er eitt helsta raforkufyrirtæki Bretlands og hefur áratuga reynslu af lagningu og rekstri sæstrengja. Reynsla þeirra er því athyglisvert innlegg inn í umræður um sæstreng milli landanna. Er raunhæfur möguleiki á samvinnu Breta og Íslendinga í orkumálum? Er þjóðhagslega hagkvæmt að leggja sæstreng milli Íslands og Bretlands? Að hverju þarf að huga áður en ráðist er í lagningu sæstrengs?

ÁVARP
Ragnheiður Elín Árnadóttir
Iðnaðar – og viðskiptaráðherra

ICELINK – THE DAWNING OF A NEW AGE
Paul Johnson
National Grid

SÆSTRENGUR SEM MÖGULEGUR VIÐSKIPTAVINUR
Hörður Arnarson
Landsvirkjun

HVER YRÐU ÁHRIF SÆSTRENGS Á EFNAHAG LANDSMANNA?
Dr. Ásgeir Jónsson
Gamma

Fundarstjóri
Kristján Kristjánsson
Landsbankinn

Verð: ókeypis
Fundarmál: enska
Skráning: kristin@chamber.is

STYRKTARAÐILAR
Arion banki · Íslandsbanki · Landsvirkjun · mp banki

British-Icelandic Chamber of Commerce
Founded 1997




**ÁTÖK Í BANGKOK** Vel stæðir íbúar höfuðborgarinnar virðast engan veginn geta sætt sig við stjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Átök harðna í Taílandi

Leiðtogi mótmælanna í Taílandi segist staðráðinn í að linna ekki látum fyrr en ríkisstjórnin hefur hrakist frá völdum. Deilurnar eiga sér margra ára aðdraganda.

**TAÍLAND** Ólgan í Taílandi undanfarna daga á sér langa sögu, en átökin snúast um það hvort lýðræðislega kjörin stjórn Yinglucks Shinawatra forsætisráðherra hafi rétt til þess að fara með völdin.

Hin gamla valdaklíka auðugra höfuðborgarbúa, sem hafði stjórnað landinu áratugum saman, virðist engan veginn geta sætt sig við að Yingluck, og þar áður Thaksin bróðir hennar, hafi verið kosin til valda fyrir tveimur árum með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, sem flest virðast hafa komið frá fátækari landsmönnum utan höfuðborgarinnar, Bangkok.

Yingluck, rétt eins og Thaksin, komst til valda með loforðum til almennings, sem gamla valdaklíkan segir lýðskrum eitt. Thaksin var sakaður um spillingu og hlaut dóm fyrir, og Yingluck er sökuð um að láta bróður sinn í reynd stjórna landinu úr útlegð.

Suthep Thaugsuban, stjórnarandstæðingurinn sem er í forystu mótmælanna undanfarið, segist ekki ætla að linna látum fyrr en stjórnin hefur hrakist frá völdum.

Hann vill þó ekki láta efna til nýrra kosninga, enda engan veginn hægt að reikna með því að Yingluck yrði ekki kosin aftur, heldur vill hann að völdin fari til sérskipaðs ráðs, sem óljóst er hvaða umboð á að hafa til að stjórna.

Yingluck segist ekki sjá hvernig hægt sé að verða við kröfum mótmælenda án þess að brjóta um leið gegn stjórnarskrá landsins.

Herinn hefur til þessa kosið að halda sig til hlés í átökunum, en fyrir sjö árum tók hann sér stöðu með höfuðborgarklíkunni og steypti stjórn Thaksins af stóli.

Herinn hafði þá margsinnis í sögu landsins gripið inn í pólitísk átök með því að gera stjórnarbyltingu. Alls hefur herinn í Taílandi átján sinnum steypt stjórn landsins af stóli, eða reynt það.

gudsteinn@frettabladid.is




**EKKERT LÁT Á MÓTMÆLUM** Mótmælendum í Kíev fjölgaði til muna um helgina, eftir að lögreglan beitti valdi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ríkisstjórn Úkraínu berst fyrir lífi sínu:

# Þingfylgið minnkar

**ÚKRAÍNA, AP** Búist er við því að vantrauststillaga á ríkisstjórn Úkraínu verði borin undir atkvæði þingmanna, jafnvel strax í dag.

Þingfylgi stjórnarinnar hefur minnkað nokkuð síðustu daga, en bæði sumir stjórnarliðar og óháðir þingmenn, sem hafa stutt stjórnina, hafa nú hlaupist undan merkjum.

Ólgan á þingi stafar af ákvörðun stjórnarinnar um að hætta við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið í síðustu viku.

Fjölmenn mótmæli hafa verið nánast daglega á Sjálfstæðistorginu í höfuðborginni Kíev, og er farið að nefna torgið Evróputorg.

- gb

Tilraun danskra yfirvalda:

## Vekja morgunsvæfa nemendur

**DANMÖRK** 25 nemendur í borgarhlutanum Østerbro í Kaupmannahöfn, sem mættu illa í skólann, hafa frá því í fyrra fengið aðstoð yfirvalda við að vakna á morgnana. Það er með samþykki foreldranna sem ráðgjafar koma heim til barnanna, gefa þeim morgunmat og koma þeim út um dyrnar í tæka tíð.

Í sumum tilfellum hefur verið nóg að hringja í börnin sem ýmist koma frá fjölskyldum með vandamál eða fjölskyldum þar sem foreldrarnir fara snemma til vinnu. Taka á upp verkefnið í fleiri hverfum. - ibs

Óháð samtök í Svíþjóð um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum segja lögreglu skorta kunnáttu:

# Ofbeldi óupplýst vegna skorts á þekkingu

**SVÍÞJÓÐ** Aðeins tvö af tíu tilkynntum tilfellum um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum í Svíþjóð eru upplýst. Mikill munur er á því hvernig lögregluembættum tekst að leysa málin. Þetta skrifar Magnus Lindgren, framkvæmdastjóri óháðu samtakanna Öruggari Svíþjóð, í aðsendri grein í Dagens Nyheter.

Af þeim 80 þúsundum slíkra brota sem kærð voru 2008 til 2012 upplýstust aðeins 17 þúsund þannig að hægt væri að tengja geranda við brotið. Lindgren bendir á að tilkynningum um ofbeldi hafi fjölgað á tímabilinu en brotunum sem upplýst voru hafi fækkað á sama tíma úr 23 prósentum 2008 í 19 prósent 2012. Það sé athyglisvert vegna aukinna fjárframlaga til réttarkerfisins.

Lindgren bendir jafnframt á að það fari eftir því hvar konur, sem verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum, búa hversu vel tekst að upplýsa brotið. Hann segir að skýringarnar sem sérfræðingar innan lögreglunnar, saksóknarar, starfsmenn kvennaathvarfa og aðrir gefa séu þær að skortur sé á þekkingu og stjórnun í þessum málum auk þess sem ekki sé tekið vel á móti konunum. Menn bentu einnig á að erfitt væri að sanna málin. - ibs



**OFBELDI** Sérfræðingar í Svíþjóð segja lögregluna ekki hafa næga þekkingu til að rannsaka ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Eftirlit sænska hersins:

## Skoða fjarskipti Norðmanna

**NOREGUR** Þegar fjarskiptamiðstöð sænska hersins fékk aðgang að fjarskiptanotkun í Svíþjóð fékk hún samtímis aðgang að fjarskiptum Norðmanna þar sem mestur hluti fjarskipta þeirra við útlönd fer í gegnum Svíþjóð.

Þetta segir norski stjórnmálamaðurinn Michael Tetzschner. Hann segir norsk stjórnvöld hafa tekið upp málið við Svía. Tetzschner segir Norðmenn vilja fá tryggingu fyrir því að fjarskipti Norðmanna falli ekki undir eftirlit Svía. Slíkt sé andstætt norskum lögum. - ibs



**KJARAMÁL** Aðildarfélög innan ASÍ ræða stöðu kjarasamninga í dag.

Ræða stöðu kjarasamninga:

## Viðræður á fulla ferð

**KJARASAMNINGAR** Samninganefndir landssambanda og félaga innan Alþýðusambandsins fóru í gær yfir hugmyndir sem ræddar hafa verið innan samninganefndar ASÍ og í viðræðum við Samtök atvinnulífsins um ramma að nýjum kjarasamningi. Menn ætla að halda áfram í dag að skoða þessar hugmyndir.

Fái hugmyndirnar brautargengi má búast við að viðræður við atvinnurekendur fari á fulla ferð seinni hluta vikunnar og þá hefjist jafnframt viðræður um launaliði. - jme

Samfélag fyrir alla:

## Hvatningarverðlaun ÖBÍ veitt

**FÉLAGSMÁL** Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands 2013 verða veitt í dag í tilefni af alþjóðadegi fatlaðra. Verðlaunin eru veitt þeim sem stuðlað hafa að einu samfélagi fyrir alla, segir í tilkynningu. Alls bárust 48 tillögur um 39 aðila í þremur flokkum: flokki einstaklinga, flokki fyrirtækja og flokki umfjöllunar. Verndari verðlaunanna er forseti Íslands og mun athöfnin fara fram í Silfurbergi í Hörpu. - eb



SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

SFF DAGURINN 5. DESEMBER 2013

FJÁRMÁLAFRÆÐSLA Á ÍSLANDI

14:00-16:15 Í STÓRA SAL ARION BANKA, BORGARTÚNI 19

Setning
Höskuldur H. Ólafsson, formaður stjórnar
Samtaka fjármálafyrirtækja

Ávarp
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra

Hollenska leiðin
Arthur Reitsma, sérfræðingur frá Hollensku bankasamtökunum

Nýjar leiðir í fjármálafræðslu
Viggó Ásgeirsson, mannauðsstjóri og stofnandi Meniga

Pallborðsumræður um fjármálafræðslu
Umsjón: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður
mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins

Þátttakendur:
Mjöll Matthíasdóttir, grunnskólakennari
Petra Bragadóttir, formaður Samtaka kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum
Brynjólfur Sævarsson, útibússtjóri Landsbankans í Vesturbæ
Halldóra Gyða Matthíasdóttir, útibússtjóri Íslandsbanka í Garðabæ
Fjóla Guðjónsdóttir, forstöðumaður forvarna hjá Sjóvá

Fundarstjóri
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður stjórnar SFF

Vinsamlega skráið ykkur með því að senda póst á sff@sff.is


# Kynferðislegt ofbeldi tilkynnt sífellt oftar

**Að óbreyttu verða tilkynningar til barnaverndarnefnda vegna kynferðisofbeldis um 600 talsins í ár. Fjölgunin er 42% milli fyrstu níu mánaða áranna 2012 og 2013. Fjölmiðlaumfjöllun og vitundarvakning almennings í kjölfarið er skýringin.**

**FÉLAGSMÁL** Tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fjölgaði um tæp 42% fyrstu níu mánuði ársins samanborið við sama tímabil 2012. Að óbreyttu verða tilkynningar til barnaverndarnefndanna úti um land um 600 þegar árið verður gert upp, samanborið við 463 árið 2011 og 467 í fyrra.

Barnaverndarstofa hefur birt samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda fyrstu níu mánuði þessa árs og sama tímabils í fyrra. Þar kemur fram að tilkynningum til nefndanna fjölgar nokkuð á milli ára, eða um þrjú prósent á höfuðborgarsvæðinu og 17% á landsbyggðinni. Þegar ástæður tilkynninganna eru skoðaðar sérstaklega er fjölgun vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum greinileg.

Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðslusviðs Barnaverndarstofu, segir að skýringar þessa sé fyrst og síðast að leita í umfjöllun um málaflokkinn eftir þátt Kastljóss um mál Karls Vignis Þorsteinssonar, sem var dæmdur til sjö ára fangelsisvistar í Hæstarétti í lok október.

„Þegar maður ber þessi tímabil saman þá er það rétt að þetta er töluvert mikil aukning. Þessi fjölgun skýrist af fjölmiðlaumfjöllun og almennri vitundavakningu um þessa hluti. Það eru engir aðrir stórir atburðir sem spila hér inn í. Ég slæ þó þann fyrirvara að hér er um tilkynningar að ræða,“ segir Páll.



**ÓJAFN LEIKUR** Fjölgun tilkynninga hefur valdið miklu álagi á starfsfólk Barnahúss. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Sjá má fjölgun á tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi í skýrslum um samanburð fyrstu þrjá mánuði, fyrstu sex mánuði og fyrstu níu mánuði áranna 2012 og 2013. Fyrstu þrjá mánuði ársins bárust 187 tilkynningar, 151 mánuðina á eftir og 118 mánuðina júlí til september. Alls voru þær 456 þessa níu mánuði eða 7,3% tilkynninga þegar allt er talið. Það er mun hærra hlutfall en árin á undan en það hefur verið á bilinu 4,8 til 5,9% á undanförnum árum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er mikil fjölgun tilkynninga í nokkrum sveitarfélögum á landsbyggðinni; helst Reykjanesbæ, Sandgerði og á Akranesi.

„Þær tölur hafa vakið athygli okkar og þetta er áhyggjuefni. Við munum leita til þeirra eftir útskýringum og svo viðbrögðum við þessu,“ segir Páll.

svavar@frettabladid.is

**➜ Tilkynningar um kynferðisofbeldi**

| Ár | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 2008 | 479 | 5,8% |
| 2009 | 447 | 4,8% |
| 2010 | 441 | 4,8% |
| 2011 | 463 | 5,3% |
| 2012 | 467 | 5,9% |
| 2013* | 456 | 7,3% |

*Eftir fyrstu 9 mánuðina








**ENGIN SVÖR** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, benti á velferðarráðherra til að fá svör um desemberuppbót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engin tilmæli komin frá velferðarráðuneyti:

# Atvinnulausir fengu ekki jólauppbótina

**VELFERÐARMÁL** Atvinnuleitendur fengu ekki greidda desemberuppbót um mánaðamótin eins og undanfarin þrjú ár.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, vildi ekki svara fyrir af hverju desemberuppbót væri ekki greidd enda væri það í höndum velferðarráðuneytisins.

Árin 2010-2012 fengu atvinnuleitendur greidda desemberuppbót eftir samþykkt ríkisstjórnar á tillögu velferðarráðherra. Greiðsla þeirra sem áttu rétt á óskertri uppbót var 50.512 í fyrra. Fyrir árið 2010 hafði slík uppbót síðast verið greidd árið 2005. Greiðslur hafa verið í hlutfalli við lengd þess tíma sem viðkomandi hefur verið skráður atvinnulaus á árinu. Árið 2012 námu útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna greiðslu desemberuppbótar 325 milljónum króna.

Atvinnuleysi mældist 3,9 prósent í október og munu því ríflega sex þúsund manns verða af desemberuppbót þetta árið ef engin tilmæli berast frá velferðarráðuneytinu.

Ekki náðist í Eygló Harðardóttur velferðarráðherra við vinnslu fréttarinnar. - ebg

## Ráðherra berst fyrir aukafjáveitingu

„Afstaða mín í málinu er og hefur verið skýr,“ segir Eygló Harðardóttir velferðarráðherra.

„Ég hef fullan hug á að berjast fyrir því að samþykkt verði aukafjárveiting í þetta mál og hef þegar lagt fram minnisblað þess efnis í ríkisstjórn,“ segir Eygló sem kveður fjármagn í þennan lið hafa verið áætlaðan af síðustu ríkisstjórn.

„Nú hefur komið í ljós að þessi liður var vanáætlaður þar sem fyrri ríkisstjórn gerði ráð fyrir minna atvinnuleysi en raun ber vitni. Ég hef fullan hug á að berjast fyrir því að samþykkt verði aukafjárveiting í þetta mál og hef þegar lagt fram minnisblað þess efnis í ríkisstjórn,“ segir ráðherra. - ebg



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR** Velferðarráðherra kveðst hafa lagt fram minnisblað um aukafjárveitingu í ríkisstjórn.




# Veldu MeisterStück frá Bosch fyrir jólin.

## Frábær tækni, enginn óþarfi, heldur nákvæmlega það sem til þarf á afar hagstæðu verði.

Bosch hefur nú sett á markað nýja þvottavél og nýjan þurrkara sem bæði eru MeisterStück-tæki en þegar eru komnar í hópinn þrjár glæsilegar MeisterStück uppþvottavélar.
MeisterStück er tákn um frábæra tækni, engan óþarfa, heldur nákvæmlega það sem til þarf og á hagkvæmu verði. Allt til að gera þig ánægða(n). Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með vélina geturðu einfaldlega skilað henni innan 100 daga.
Bosch er rótgróið þýskt vörumerki og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.

### Uppþvottavél, hvít

SMU 55M12SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Jólaverð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 189.900 kr.

**Þú sparar 40.000 kr.**



### Uppþvottavél, stál

SMU 55M15SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Jólaverð: 169.900 kr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 40.000 kr.**



### Uppþvottavél, alklæðanleg

SMV 55M00SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Jólaverð: 189.900 kr.**

Fullt verð: 229.900 kr.

**Þú sparar 40.000 kr.**



### Þvottavél

WAS 32471SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði: 1600 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát.
Sérkerfi: Dúnkerfi, sérkerfi fyrir dökkan þvott, skyrtur, sérkerfi fyrir íþróttafatnað, mjög stutt 15 mín. hraðkerfi, húðverndarkerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmur þvottur/silki.

**Jólaverð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**

10 ára ábyrgð á mótornum



### Þurrkari

WTW 86371SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+.
Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Sérkerfi: Ull, íþróttafatnaður, dúnkerfi og 40 mín. hraðkerfi. Stór og skýr skjár. Krumpuvörn í lok kerfis.

**Jólaverð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**



Green Technology inside

Made by Germans

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090




Klukkur Verð frá 39.900,-



DSR plaststóll
39.900,-
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950




DSW plaststóll
54.900,-
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



DAR armstóll
49.900,-
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Wooden Dolls (22 tegundir)
18.500,- Hönnun: Alexander Girard, 1963



House Bird fuglinn
23.900,-



Hang it all kúluhengi
Sértilboð 29.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1953



Corniches hillur
Lítil 8.900,- Mið 11.900,- Stór 14.900,-
Hönnun: Ronan & Erwan Bouroullec, 2012



Uten Silo vegghirslur
Lítil 39.900,-
Stór 49.900,- Hönnun: Dorothee Becker, 1969



RAR ruggustóll
74.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Coffee table sófaborð
Verð frá 298.500,- Hönnun: Isamu Noguchi, 1944

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# SKOÐUN

Rétt viðbrögð lögreglu í erfiðum aðstæðum:

# Harmleikurinn í Hraunbænum

Ákveðið sakleysi íslenzks samfélags glataðist í gær, þegar lögreglan felldi í fyrsta sinn mann í skotbardaga. Það hefur aldrei gerzt áður og sjálfsagt vonuðumst við öll til að til þess þyrfti aldrei að koma. Lögreglumenn á Íslandi sinna sínum daglegu störfum óvopnaðir, þrátt fyrir harðari heim, og gera það vonandi áfram þótt þeim tilvikum hafi fjölgað þar sem þarf að kalla til vopnaða sérsveit.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Atburðurinn í Hraunbænum er þó ekki til marks um meiri hörku í glæpaheiminum. Þar er um að ræða harmleik; veikur maður hafði ekki stjórn á gerðum sínum. Það er raunar umhugsunarefni, sem systir hins látna veltir upp í samtali við Fréttablaðið í dag, hvort öll úrræði heilbrigðiskerfisins til að hjálpa honum hafi verið nýtt.

Miðað við þær upplýsingar sem við höfum nú í höndunum verður hins vegar ekki annað séð en að viðbrögð lögreglunnar hafi verið rétt og yfirveguð og komið í veg fyrir að maðurinn ynni öðrum meiri skaða.

Lögreglan leitaðist við að ná til mannsins með ýmsum leiðum, reyndi að yfirbuga hann með gassprengjum og hafði einu sinni hörfað út úr íbúð hans eftir að hann skaut á lögreglumennina. Eftir að ráðizt var til inngöngu í annað sinn og maðurinn hafði skotið lögregluþjón í höfuðið var ekki um annað að ræða en að skjóta á móti. Það er í fyrsta sinn í sögu sérsveitar lögreglunnar sem það gerist, en sérsveitarmennirnir eru þjálfaðir til að taka slíkar ákvarðanir á ögurstundu.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sagði á blaðamannafundi í gær að lögreglan vildi koma á framfæri samúðarkveðjum til ættingja mannsins sem lézt. Margir hugsa til þeirra eftir þennan hörmulega atburð. Það er hins vegar líka fyllsta ástæða til að hugsa fallega til lögreglumannanna, sem urðu að taka þá erfiðu ákvörðun að skjóta á móti. Þeir sinntu skyldu sinni og gerðu það sem þeir hafa verið þjálfaðir til að gera, en þó þarf varla að fara í grafgötur um að þeir eru í áfalli og þurfa á stuðningi að halda.

Um leið er sjálfsagt að bregðast við eins og lögregluyfirvöld hafa gert og óska eftir ýtarlegri rannsókn saksóknara á málinu. Lögmæt valdbeiting lögreglu verður alltaf að vera háð ströngum skilyrðum. Þegar hún leiðir til dauða manns er enn mikilvægara en ella að allt sé uppi á borðinu um það hvernig lögreglan beitir sínum vandmeðförnu valdbeitingarheimildum.

Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur fyrir löngu sannað gildi sitt. Tilvist hennar hefur í raun komið í veg fyrir að almennir lögreglumenn þyrftu að bera skotvopn við almenn skyldustörf. Það hversu lítt umdeild störf hennar hafa verið, þrátt fyrir krefjandi verkefni, bendir til að vel hafi tekizt til með þjálfun og viðbúnað sveitarinnar.

Þótt atburðurinn í Hraunbæ í gær sé afskaplega sorglegur og þótt hann sé á engan hátt tengdur vaxandi hörku í undirheimunum, eru fumlaus vinnubrögð sérsveitarinnar til marks um að hún sé vel í stakk búin að takast á við erfiðar aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

★★★★
„Magnaðri lesning en flestar skáldsögur.“
Friðrika Benónýsdóttir
Fréttablaðið

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Opið og gegnsætt

Stjórnarandstaðan vældi eins og stunginn grís á Alþingi í gær eftir kynningu ríkisstjórnarinnar á skuldaleiðréttingum um helgina. Hún kvartaði yfir því að aðgerðirnar hefðu ekki verið kynntar minnihlutanum. Steingrímur J. Sigfússon sagðist engan áhuga hafa á hinni áróðurskenndu framsetningu, heldur vildi hann komast í gögn og láta sannfærast um að þessar leiðréttingar taki til 80% heimila í landinu. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra svaraði því til að tillögurnar hefðu verið kynntar opinberlega fyrir alþjóð rúmum sólarhring eftir að þær voru kynntar í ríkisstjórn. „Það er nú eiginlega ekki hægt að halda á málum með opnari og gegnsærri hætti,“ sagði Bjarni.



### Vandlifað í leyndinni

Steingrímur ætti mögulega að rifja upp að hann lék sama leikinn við Icesave-samningana hina fyrri, sem fóru mjög leynt þar til samningsniðurstaða lá fyrir. Þá kvartaði einmitt núverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, yfir því að svo mikil leynd væri yfir málinu og krafðist þess að það væri tekið fyrir á Alþingi tafarlaust. Já, það er alltaf vandlifað í stjórnarandstöðunni á þinginu.

### Sniðug taktík

Það er samt að mörgu leyti skiljanlegt að stjórnarandstaðan sé ósátt. Framkvæmd leiðréttingaloforðanna gæti verið til þess fallin að tryggja stjórnarflokkunum stjórn landsins næstu kjörtímabil. Leiðréttingarnar verða líklegast framkvæmdar á nokkurra ára tímabili, þar á meðal fram yfir næstu alþingiskosningar. Það kann að vera ólíklegt, eins og mál standa núna, að kjósendur muni þora að kjósa aðra flokka en þá sem hafa útfært þessar leiðréttingar. Stjórnarflokkarnir munu líklegast keyra á þá taktík að öðrum flokkum sé ekki treystandi til að klára málið. Þá væri líklegt að stjórnmálafræðinemar framtíðarinnar muni læra um þessa útfærslu ríkisstjórnarinnar um langa framtíð.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvað nú?

FJÁRMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona Samfylkingarinnar

Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána um 80 milljarða er minni en ætla mætti af kosningaloforðum Framsóknarflokksins. Þetta var viðbúið. Kosningaloforðin voru með þeim hætti að erfitt var að standa við þau. En 80 milljarðar eru samt mikið fé og nú á eftir að sjá hvernig gengur að afla þess og á hversu löngum tíma. Eðli málsins samkvæmt gagnast niðurfærsla af þessu tagi best þeim sem skulda mest, sem ekki er endilega fólkið sem á í mestu erfiðleikunum með að standa undir lánum. Margir verða því fyrir vonbrigðum með aðgerðirnar, enda þegar búnir að fá niðurfærslu á sínum lánum. Ef aðgerðir ríkisstjórnarinnar byggjast á kröfu um réttlæti er ljóst að enn er mikið verk óunnið.

Aðgerðirnar byggjast á leiðréttingu á forsendubresti. Verðbólga yfir 4,8% er talin forsendubrestur. Þetta mun hafa víðtækar afleiðingar fyrir framtíð verðtryggingar í landinu. Reynslan af verðbólgu á Íslandi segir okkur að með reglulegu millibili fari verðbólgan langt upp fyrir þessi mörk. Hver á að greiða þann forsendubrest í framtíðinni? Varla er ríkisstjórnin að gera tillögu um ríkisábyrgð á skaða vegna verðbólgu áratugi fram í tímann. Í kjölfarið hljóta því að fylgja víðtækar tillögur um bann við verðtryggingu og yfirfærslu verðtryggðra lána í óverðtryggð. Að lágmarki verður að setja þak á verðtryggingu við 4,8%. Slík aðgerð hefur mikil áhrif, ekki síst á lífeyrissjóði og vaxtastig í landinu. Ég vona að allir geri sér grein fyrir þessu.

**➜ „Heimsmet“ í eftiráreddingum og hókus-pókus loforð duga skammt til lengdar. Stóra vandamálið er hærri raunvextir á Íslandi en í nágrannalöndum okkar. Á því fjárhagslega vandamáli íslenskra heimila hefur ríkisstjórnin því miður engar lausnir.**

Það er út af fyrir sig ekki erfitt að banna verðtryggingu. Það hefði ríkisstjórnin í raun átt að gera síðasta sumar um leið og ljóst var að leiðrétt yrði fyrir forsendubresti. Það er hins vegar erfitt að banna verðbólgu og lögfesta lága vexti. „Heimsmet“ í eftiráreddingum og hókus-pókus loforð duga skammt til lengdar. Stóra vandamálið er hærri raunvextir á Íslandi en í nágrannalöndum okkar. Á því fjárhagslega vandamáli íslenskra heimila hefur ríkisstjórnin því miður engar lausnir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ertu algjör sveppur?



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Þetta orðatiltæki hefur verið notað í niðrandi tilgangi til að gera lítið úr fólki og stríða. Það er í sjálfu sér meiðandi og ekki til mikils sóma fyrir þann sem slíkt notar. Það er hins vegar staðreynd að líkami okkar er stöðugt að glíma við sveppi, sem í flestum tilvikum er tækifærissinnaður sýkingarvaldur. Þeir sem eru almennt hraustir eiga yfirleitt ekki í miklum vandræðum, ónæmiskerfið og hin eðlilega bakteríuflóra heldur sveppunum í skefjum, en hjá þeim sem eru ónæmisbældir vegna sjúkdóms, lyfja eða annarra ástæðna geta sveppir hreinlega tekið yfirhöndina og valdið alvarlegum veikindum.

Það eru margar tegundir sveppa til og þeir valda mismunandi vanda, þeirra algengastur og sennilega best þekktur er candida sem veldur þrusku í munni, sýkingum í og á kynfærum, í fellingum húðar, á bleyjusvæði barna og í nöglum svo dæmi séu tekin. Í alvarlegri tilvikum getur þessi sveppategund sýkt innri líffæri og komist í blóðrásina með ófyrirséðum afleiðingum. Alvarlegar sveppasýkingar sem við óttumst sérstaklega hjá þeim sem glíma við HIV-sjúkdóm, krabbamein, eru líffæraþegar eða ónæmisbældir af einhverjum orsökum eru einnig vel þekktar og útheimta öfluga meðferð greinist þær hjá slíkum einstaklingum.

Þá má ekki gleyma þeim sveppum sem eru í umhverfi okkar og í samhengi við raka geta valdið alvarlegum veikindum einnig eins og við höfum fylgst með í umræðunni undanfarin ár með sveppasýkt húsnæði. Þar er um að ræða samspil óþols, ofnæmis og eiturefna sem sveppirnir gefa frá sér. Enn aðrar tegundir sveppa sem herja á okkur mannfólkið eru svokallaðir dermatophytar sem fyrst og fremst sýkja húðina og neglur og valda klassískum breytingum á nöglinni með þykknun og litabreytingu hennar.

### Allt í kringum okkur

Það er því ljóst að sveppir eru allt í kringum okkur og við finnum mismikið fyrir þeim og þá getur verið miserfitt að eiga við vandann. Hér á landi er mjög algengt vandamál hjá einstaklingum að glíma við naglsveppi. Tíðnin virðist meiri eftir því sem næst verður komist en víðast erlendis og helgast hugsanlega af samsetningu vatnsins hér, mikilli sundlaugarmenningu og mögulega því að sjaldan gefast tækifæri til að ganga í opnum skóm. Undirliggjandi sjúkdómar eins og sykursýki og útæðasjúkdómar hafa einnig áhrif til hins verra. Ljóst er að margir glíma við þennan vanda sem almennt veldur litlum einkennum framan af, síðar meir þó verkjum og óþægindum, ýtir undir aðrar sýkingar auk þess sem þetta er lýti þar sem nöglin eyðileggst með tímanum.

Greiningin er tiltölulega auðveld, en það geta legið aðrir sjúkdómar til grundvallar eins og psoriasis, því er mælt með að rækta eða taka sýni til staðfestingar. Þegar kemur að meðferð eru ýmsar leiðir færar, en vandinn er í raun sá að neglur eru býsna þykkur vefur og þéttur svo krem eiga lítið erindi og gera almennt lítið gagn, þau geta hins vegar virkað vel á sveppasýkingu í húð á milli táa. Þá eru til lyf í töfluformi sem eðli málsins samkvæmt hafa áhrif á allan líkamann en blóðflæði er með því minnsta sem þekkist í vef eins og nöglum og beinist meðferðin þess vegna að naglbeðnum. Því þarf að endurtaka slíka meðferð jafnvel nokkrum sinnum, hún hentar ekki öllum sjúklingahópum og hún tekur langan tíma auk þess sem hún hefur ýmsar aukaverkanir í för með sér eins og að valda útbrotum eða jafnvel lifrarskaða. Nýlegt úrræði til meðhöndlunar er laser-meðferð sem beinist gegn sveppnum sjálfum og eyðileggur hann í stórum hluta tilfella á einfaldan og markvissan hátt í nokkrum meðferðarlotum án þess að hafa áhrif annars staðar í líkamanum og hentar flestum sem glíma við slíkan vanda. Þarna er um að ræða afar áhugavert an meðferðarkost fyrir þá sem glíma við naglsvepp og verður spennandi að fylgjast með árangrinum á næstu árum.

> Það eru margar tegundir sveppa til og þeir valda mismunandi vanda, þeirra algengastur og sennilega best þekktur er candida sem veldur þrusku í munni, sýkingum í og á kynfærum, í fellingum húðar, svo dæmi séu tekin.

## Hver var laminn í febrúar?



MANNRÉTTINDI
**Anna Pála Sverrisdóttir**
lögfræðingur og formaður Samtakanna ´78

Hvað varst þú að gera í febrúar? Og hvað var fólkið í kringum þig að gera þá? Kannski var það venjulegur mánuður, kannski mættirðu í vinnuna eða skólann. Kannski gekk allt vel en kannski kom eitthvað upp á. Kannski reifstu við manneskju sem þér þykir vænt um, kannski sveifstu um ástfangin/n á bleiku væmniskýi. Hvernig sem mánuðurinn þinn var, má örugglega ganga út frá því að einhver sem þú kannast við hafi átt erfiðan mánuð og þurft á stuðningi að halda.

Fólkið sem átti erfiðan mánuð í febrúar fékk vonandi hlýjuna og stuðninginn sem við þurfum öll inni á milli. Það er alveg ótrúlegt hvað maður kemst stundum langt þegar allt er erfitt, á því að vita að annað fólk hugsar til manns. Allt verður auðveldara þegar við hjálpumst að og það breytir ekki endilega öllu hvort fólkið í kringum mann er stutt eða langt í burtu.

Ihar Tsikhanyuk býr langt í burtu en þarf núna á stuðningi að halda. Hann var laminn í febrúar. Ihar er hommi og hafði nýlega sótt um skráningu hinseginsamtaka í Belarús þegar hann var lagður inn á spítala vegna magasárs. Þangað komu lögregluþjónar og höfðu hann með sér á lögreglustöð þar sem hann var ítrekað laminn og beittur andlegu ofbeldi og hótunum um meira ofbeldi fyrir að vera hommi. Þegar honum var skilað á spítalann neitaði starfsfólkið þar að skrásetja áverkana. Ihar er ekki eini þolandi svona ofbeldis en enginn í Belarús hefur verið dreginn til ábyrgðar. Það þýðir að ofbeldið heldur áfram.

Við í Samtökunum ´78 tökum stolt þátt í bréfamaraþoni Amnesty á Íslandi. Þér og öllum öðrum er boðið að kíkja við til okkar á aðventukvöld þann 12. desember og skrifa undir bréf fyrir Ihar og ef þú kemst ekki þá finnurðu leiðbeiningar um þátttöku á heimasíðu Amnesty. Orð geta breytt öllu. Ég skora á þig!

**➔ Hvernig sem mánuðurinn þinn var, má örugglega ganga út frá því að einhver sem þú kannast við hafi átt erfiðan mánuð og þurft á stuðningi að halda.**




Tvö námskeið sem undirbúa nemendur undir 3 próf sem leiða til vottunar frá Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu með nafnbótina Viðurkenndur bókari. Frábær námskeið fyrir þá sem hafa góða þekkingu á bókhaldi og Excel.

**Bókaranám framhald**
168 stundir - 219.000 - Byrja 6. og 7. janúar

- Excel við áætlanagerð – 30 stundir
- Launakerfi – 24 stundir
- Lánadrottnar og viðskiptamenn – 12 stundir
- Fyrningar – 12 stundir
- Virðisaukaskattur – 6 stundir
- Lán – 18 stundir
- Gerð og greining ársreikninga – 24 stundir
- Lokaverkefni – 36 stundir

**Viðurkenndur bókari**
72 stundir - 89.000 - Byrja 22. og 23. apríl

Inntökuskilyrði í Viðurkenndan bókara: Að hafa lokið Bókaranámi framhald með 7 eða hærra í meðaleinkunn.

- Skattaskil – 18 stundir
- Reikninghald - viðbætur – 36 stundir
- Upplýsingatækni – viðbætur – 6 stundir
- Upprifjun fyrir próf – 18 stundir

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv

# Hvernig Ríkisútvarp?

RÍKISÚTVARPIÐ



Guðrún Nordal
kjörin af Alþingi í stjórn RÚV

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 er boðaður niðurskurður á mörkuðum tekjustofni Ríkisútvarpsins og að hluti hans verði notaður til annarra verkefna ríkissjóðs. Afleiðingarnar hafa komið í ljós í uppsögnum fjölda starfsmanna og eðlilega hafa vaknað spurningar um forgangsröðun í þeim aðgerðum og um hlutverk Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið markaði sér sjálft stefnu fyrir aðeins ári síðan sem var ekki mikið rædd í samfélaginu. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu Ríkisútvarpsins.

Ný stjórn Ríkisútvarpsins lagði áherslu á að hún yrði lögð til grundvallar í þeim fjárhagslegu þrengingum sem blasa við stofnuninni. En stefnan reyndist ekki nægilega gagnlegt tæki þar sem að hlutverk Ríkisútvarpsins er að lögum mjög fjölbreytt og ólík sjónarmið takast á innan stofnunarinnar. Hvaða starfsemi ber okkur að standa vörð um og styrkja, og hvaða starfsemi má missa sín eða er betur, eða jafn vel, sinnt af öðrum fjölmiðlum? Er það dagskrárgerð á Rás 1, Rás 2 og sjónvarpi, fréttastofan, íþróttadeild, nýmiðladeild, safnadeild eða starfsemi á landsbyggðinni?

### Þversögn

Í sjálfu rekstrarformi Ríkisútvarpsins, opinbera hlutafélaginu, er falin þversögn sem hefur á vissan hátt lamað umræðu um stofnunina á síðustu árum. Hlutafélagsformið leggur stjórninni trúnaðarskyldu á herðar sem á ekki við stjórnarmenn í venjulegum ríkisstofnunum. Stjórnarmenn bera ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og þurfa að votta að þeir hafi engin hagsmunaleg tengsl við önnur fjölmiðlafyrirtæki. Ríkisútvarpið er hins vegar ekkert venjulegt fyrirtæki eða félag eins og það er jafnvel stundum kallað; heldur er það hvorttveggja í senn menningarstofnun og ríkisfjölmiðill sem fjármagnaður er af opinberu fé. Stjórnarmenn eru kosnir af Alþingi og starfa því í umboði þjóðarinnar – og eiga ekki að láta flokkspólitík stjórna för. Þeir eiga heldur ekki að hlutast til um starfsmannahald á stofnuninni. Jafnvel þó að hlutafélagsformið hafi sumpart lokað umræðu um rekstur stofnunarinnar, lít ég svo á að stjórnarmenn hafi ríkar skyldur til að tryggja opna og gagnrýna umræðu um hlutverk og dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið hefur gegnt mikilvægu hlutverki allt frá stofnun þess árið 1930. Fréttastofa útvarps og sjónvarps hefur verið vettvangur gagnrýninnar umræðu, og útvarpið allt í senn tónleikasalur, leikhús og háskóli sem sameinaði alla landsmenn í kringum viðtækið fyrstu áratugina. Rás 1 gegnir enn því hlutverki. Sjónvarpið hefur í nær hálfa öld fangað persónur og leikendur í íslensku samfélagi. Safn Ríkisútvarpsins geymir þannig ómetanlegar heimildir um líf þjóðarinnar síðustu áttatíu árin. Miklar breytingar hafa hins vegar orðið í fjölmiðlun á allra síðustu árum. Við horfum eða hlustum ekki á aðeins á íslenska fjölmiðla, heldur höfum við aðgang að mörgum erlendum útvarps- og sjónvarpsrásum. Við sækjum efni á vefinn þegar okkur hentar og hlustum ekki endilega á útvarp eða horfum á sjónvarp í rauntíma. Vönduð innlend dagskrárgerð hlýtur því að vera kjarnastarfsemi og um hana þarf að standa vörð.

### Endurskoði stöðu sína

Það er því ekki aðeins fjárhagslegi rammi stofnunarinnar sem hvetur okkur til umræðu, heldur þarf Ríkisútvarpið að endurskoða stöðu sína í alþjóðlegum fjölmiðlaheimi. Nú er tækifæri til að ræða hlutverk Ríkisútvarpsins og mynda sátt um þau verkefni sem það ber ábyrgð á, áður en óbætanlegur skaði hlýst af niðurskurði síðustu ára. Alþingi þarf að ræða fjármögnun þess og þá staðreynd að hinn markaði tekjustofn þess, útvarpsgjaldið, fer ekki að fullu til Ríkisútvarpsins – og sem hefur skapað þá erfiðleika sem nú blasa við. Viljum við að Ríkisútvarpinu sé ætlað æ stærra rými á auglýsingamarkaði? Hvernig getum við best nýtt það fé sem er til reiðu og hvernig getum við skapað stofnuninni ný sóknarfæri? Hvernig liti Ríkisútvarpið út ef það væri stofnað í dag?

Stjórn Ríkisútvarpsins ákvað á fundi sínum í síðustu viku að nauðsynlegt væri að skerpa dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og gera stefnu stofnunarinnar miklu sýnilegri og skiljanlegri almenningi. Ég hef tekið að mér að leiða þá vinnu og vona að okkur auðnist á næstu mánuðum að efna til opinnar og gagnrýninnar umræðu um Ríkisútvarpið og fjölmiðlun á Íslandi. Í febrúar verður haldið Útvarpsþing sem vonandi verður kröftugt. Við megum ekki láta spurningar sem vaknað hafa síðustu dagana um Ríkisútvarpið hanga í loftinu, heldur verðum við að efna til umræðu strax og finna svör sem duga.

# Afnám verðtryggingar – afleiðingar:

FJÁRMÁL



Hjalti Þórisson
þjóðfélagsfræðingur

**➜ Í „breytilegum“ vöxtum sem er stýrt af verðbólguspám felst verðtrygging. Verðlagsbætur á ógjaldfallnar eftirstöðvar eru innheimtar strax af fullum þunga – langt umfram greiðslugetu skuldara.**

Gefið að verðtrygging verði bönnuð á þegar veittum lánum og ennfremur að vaxtaákvæðum þeirra verði ekki breytt – né öðrum lánakjörum þeirra – lánstíma og greiðsluskilmálum.

**Afleiðingar:**
- Lánin verða endurgreidd á nafnverði næstu áratugi.
- Skuldarar þeirra lána munu sjá verðgildi skulda sinna gufa upp í verðbólgu á skömmum tíma.
- Grunninum að lífeyrissjóðakerfinu er þar með kippt burtu og þar með lífeyrissparnaði landsmanna.

Hér er ekki lagt í að lýsa afleiðingum þess og ósköpum ef þessum öðrum lánaskilmálum verður einnig breytt – svo sem að vextir verði breytilegir.

Gefið að vextir á nýjum lánum verði fastir og sambærilegir og gerist í viðmiðunarlöndum – til dæmis 2% – eða hámark 4%! (raunveruleg óverðtryggð lán).

**Afleiðingar:**
- Lán fást ekki og ef einhver þá skammtímalán í smáum stíl.
- Fólk getur ekki eignast húsnæði.
- Enginn vill lána.
- Sparnaður mun hverfa.

Gefið: vaxtafrelsi – „breytilegir“ vextir.

**Afleiðingar:**
- Greiðslubyrði margfaldast.
- Lán verða til skamms tíma og framboð þeirra lítið.
- Ógerningur verður að treysta greiðsluáætlunum.
- Vanskil munu margfaldast.
- Endurlán vegna of hárrar greiðslubyrði munu margfaldast.

Verðbólga mun í öllum tilfellum margfaldast – og ekkert sem hamlar gegn henni.

Stýritæki Seðlabankans ónýtast og verða misnotuð ef elta á verðbólguna í stýrivöxtum – sem hefur öfug áhrif og knýr verðbólguna. Öll hagstjórn fer úr böndunum.

Fyrir þessu öllu er ólygin sársaukafull reynsla. Af reynslu ber að læra.

Í „breytilegum“ vöxtum sem er stýrt af verðbólguspám felst verðtrygging. Verðlagsbætur á ógjaldfallnar eftirstöðvar eru innheimtar strax af fullum þunga – langt umfram greiðslugetu skuldara. Verðtrygging er þá ekki afnumin.

Veðbundin húsnæðislán eru ekki til neyslu og þar af leiðandi ekki „neytendalán“. Þau eru fjárfestingalán.



Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 183 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SPÍNAT ER HOLLT OG GOTT

**Nú þegar kalt er í veðri er nauðsynlegt að fá í sig vítamín. Spínat og annað grænt grænmeti er mjög vítamínríkt. Í spínati er A-, C-, E- og K-vítamín auk kalks og fólinsýru. Spínat ætti því að vera oft á borðum.**


**Jólagjöfin í ár!**

**Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum**




BASLER

Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770






GLÆSILEGUR NÆRFATNAÐUR GLEÐUR ALLAR KONUR

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga
Laugadag opið frá kl 10-14



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is








**JÓLAGJÖFIN** Þetta er gjöfin fyrir vinkonuna, mömmu, ömmu, systur, frænku og allar þær sem þér þykir vænt um! Inniheldur sturtusápu 150ml, líkamskrem 150ml og handáburð 75ml.

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

## VERÐIÐ KEMUR Á ÓVART

**GENGUR VEL KYNNIR** *Gefðu Benecos og þú getur verið viss um að gjöfin mun ekki safna ryki inni í skáp! Lífrænn lúxus á frábæru verði. Ertu að leita að gjöf handa einhverjum sem á allt?*

Benecos er ný snyrtivörulína á Íslandi sem er 100% náttúruleg, lífrænt vottuð og á verði sem kemur skemmtilega á óvart. Hvað er betra en að geta farðað sig með flottum förðunarvörum sem bæði eru á viðráðanlegu verði og þú getur einnig verið viss um að þær séu án allra óæskilegra efna sem geta framkallað ofnæmisviðbrögð og haft slæm áhrif á líkamann?

Húðin er stærsta líffærið okkar og margt sem fer á hana fer inn í blóðrásina og getur haft áhrif á líkamsstarfsemina. Nú þegar Evrópusambandið hefur samþykkt að banna parabenefni í snyrtivörum er það mjög ánægjulegt að geta boðið upp á Benecos-snyrtivörurnar. Þær eru án allra parabena, paraffíns, sílikons, peg, SLS og óæskilegra litar- og ilmefna. Þær hafa líka hlotið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá ÖKO TEST í Þýskalandi. Naglalökkin fást í mörgum litum og eru mjög endingargóð. Þau innihalda ekki skaðleg efni s.s. formaldehýð, en mikilvægt er að huga að því og þá sérstaklega fyrir börn sem æ oftar fá lit á neglurnar. Gefðu sjálfri þér og þínum nánustu gjöf sem nærir og styður við náttúrulega eiginleika húðarinnar. Tilvalið í jólapakkann!




**BENECOS**

*Fæst í Heilsuhúsinu*

*Lifandi markaði*

*Radísu Hafnarfirði*

*Systrasamlaginu á Seltjarnarnesi*

*Heilsutorgi*

*Blómavali*

*Snyrtistofunni Rán á Ólafsvík*

*Snyrtistofunni Öldu á Egilsstöðum*

*Tófa.is*

*Heimkaup*

*Fjarðarkaup*

*Heilsuver, Suðurlandsbraut*

*Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is*

**ÁN PARABENA** Þessar snyrtivörur innihalda ekki skaðleg efni.




Stuðnings-stöngin

**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji vilji.is ...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.

# Meiri *orka* í desember

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide.**
**SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.
**Hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnku, astma, lungnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.






Umboð: www.vitex.is

## Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

**Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur**
Hvað gerir **VIAGRA - SILDENAFIL** The release of nitric oxide molecules causes erection.
**Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf**

**Stingur keppinautana af**









# ÞARMABAKTERÍUR OG HOLDAFAR

**OFFITA** *Tilteknar þarmabakteríur geta haft áhrif á holdafar. Tiltekið mataræði hefur svo áhrif á bakteríurnar og virkni þeirra.*

Amerísk rannsókn, sem greint er frá í vísindatímaritinu Science fyrr í vetur, gefur til kynna að beint samband sé á milli tiltekinna þarmabaktería og offitu. Aðrar rannsóknir hafa bent í sömu átt og að tiltekinn matur geti haft áhrif á umræddar bakteríur. Í rannsókninni voru tekin bakteríusýni úr þörmum tvíbura með ólíkt holdafar, þar sem annar var feitlaginn en hinn grannur. Bakteríurnar voru færðar yfir í mýs sem ræktaðar voru í dauðhreinsuðu umhverfi og því ekki í neinni snertingu við aðrar bakteríur. Mýsnar voru hafðar einar í búri og fengu hefðbundið músafæði í sömu skammtastærðum.

Þær mýs sem fengu bakteríur úr feitlögnu tvíburunum bættu meira á sig en þær sem fengu bakteríur úr þeim mjóu. Þegar mýsnar voru svo settar saman í búr virtust feitlögnu mýsnar verða fyrir áhrifum af því að komast í snertingu við bakteríur þeirra mjóu og grenntust á um það bil viku. Grönnu mýsnar fitnuðu hins vegar ekki og virtust ráða bug á bakteríum feitlögnu músanna. Í kjölfarið spurðu menn sig að því hvers vegna offita væri þá jafn útbreitt og vaxandi vandamál og raunin er.

Til að kanna það nánar var mataræði músanna breytt. Hluti þeirra fékk trefjaríkt og fitusnautt fæði en hluti trefjasnautt og fituríkt fæði. Þegar mýsnar voru svo settar saman í búr kom í ljós að mjóu mýsnar sem höfðu verið aldar á óhollum mat höfðu ekki lengur sömu áhrif á þær feitlögnu og héldu þær því áfram að fitna.

Vísindamennirnir vonast til þess að niðurstöðurnar verði til þess að tekið verði meira mið af bakteríuflóru fólks við meðferð offitu í framtíðinni og mataræðinu stjórnað til samræmis við hana.



## ÝTTU UNDIR FITUSÖFNUN

„Þær mýs sem fengu bakteríur úr feitlögnu tvíburunum bættu meira á sig en þær sem fengu bakteríur úr þeim mjóu.“

**MATARÆÐIÐ SKIPTIR EFTIR SEM ÁÐUR MÁLI**
Vísindamennirnir vonast til þess að niðurstöðurnar verði til þess að tekið verði meira mið af bakteríuflóru fólks við meðferð offitu.




*Flott föt fyrir flottar konur*
*Stærðir 38-58*
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

**Finndu þinn eigin fatastíl**

*Vertu einstök – eins og þú ert*



My Style tískuhús

*Bæjarlind 1-3*
*201 Kópavogur*
*s: 571-5464*


## DAGINN EFTIR PILLAN KLIKKAR

**HEILSA**
**Franskt lyfjafyrirtæki hefur gefið út viðvörun um að svokallaðar daginn-eftir-getnaðarvarnapillur geti verið gagnslausar hjá of þungum konum. Frá þessu er greint á heilsuvef BBC.**
**Rannsókn var gerð af vísindamönnum við háskólann í Edinborg þar sem kannaður var árangur Norlevo-getnaðarvarnapillunnar sem tekin er daginn eftir samfarir. Kom þá í ljós að pillan sýndi minni virkni hjá konum sem voru yfir 75 kíló að þyngd og reyndist gagnslaus fyrir konur sem voru meira en 80 kíló. Rannsóknin benti þannig til þess að konur í ofþyngd sem tóku þessa neyðarpillu voru fjórum sinnum líklegri til að verða ófrískar en konur í kjörþyngd.**
**Virka efnið í Norlevo er levonorgestrel en talið er að efnið frásogist í fitu og þannig minnki hlutfall þess í blóði. Levonorgestrel er notað í aðrar daginn-eftir-getnaðarvarnapillur og því þarf að endurskoða reglur um þær pillur í framhaldinu.**





**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447


Wilson's PIZZA
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Stór Pizza
2 áleggstegundir
999
ef þú sækir
PANTAÐU Á NETINU
581 15 15
wilsons.is
Ánanaustum
Gnoðavogi 44
Eddufelli 6
Vesturlandsvegi
Brekkuhúsum

# HOLLT GÓÐGÆTI FYRIR JÓLIN

**GÓMSÆTT** *Sigrún Þorsteinsdóttir heldur úti vefsíðunni Cafe Sigrún þar sem hún birtir uppskriftir að alls kyns hollustugóðgæti. Sigrún gefur hér lesendum uppskriftir að hollu góðgæti fyrir jólin.*

Piparkökurnar voru smá tilraun sem heppnaðist bara ansi vel. Þær eru kryddaðar og með svolitlum appelsínukeim en það má sleppa appelsínunum ef þið viljið,“ segir Sigrún sem gefur hér uppskrift að piparkökum.



**PIPARKÖKUR**

***Gerir 20-25 stykki***

- 1 tsk. appelsínubörkur, rifinn fínt á rifjárni
- 160 g hrísmjöl (enska: rice flour)
- 1 tsk. vínsteinslyftiduft
- 1 tsk. kanill
- 0,5 tsk. negull (enska: cloves)
- 4 msk. kókosolía
- 70 g rapadura-hrásykur (eða annar hrásykur)
- 50-100 ml sojamjólk (eða önnur mjólk)

**AÐFERÐ**

1. Rífið appelsínubörkinn fínt á rifjárni. Gætið þess að rífa aðeins appelsínugula hlutann, ekki þann hvíta.
2. Í stóra skál skuluð þið sigta saman hrísmjöl, lyftiduft, kanil og negul. Bætið appelsínuberkinum út í og hrærið vel.
3. Í aðra skál skuluð þið hræra saman kókosolíu, 50 ml af sojamjólk og rapadura-hrásykri þannig að úr verði mjúk blanda. Hellið út í stóru skálina og hrærið vel. Ef deigið er mjög þurrt bætið þá meira af sojamjólk út í.
4. Hnoðið deigið í stóra kúlu. Skiptið deiginu í fjóra hluta og mótið pylsur í höndunum. Pakkið pylsunum inn í plastfilmu og setjið í ísskápinn. Geymið í klukkustund eða yfir nótt.
5. Setjið bökunarpappír á bökunarplötu. Skerið pylsurnar í 1-1,5 cm bita og raðið á bökunarplötuna.
6. Mótið bitana aðeins ef þarf (þannig að þeir verði kringlóttari).
7. Bakið við 180°C í um 15 mínútur.

**VALHNETU- OG HUNANGSNAMMI**

Valhnetur eru afar hollar og hjálpa til við að sporna við hjartasjúkdómum. Sesamfræin eru kalkrík og innihalda einnig holla fitu. Skipta má út valhnetum fyrir pekanhnetur.



***Gerir 10-12 stykki***

- 50 g valhnetur, saxaðar mjög smátt
- 35 g kókosmjöl
- 1,5 msk. carob
- 60 ml agavesíróp eða acacia-hunang
- 50 g sesamfræ eða kókosmjöl (gæti þurft meira)

**AÐFERÐ**

1. Saxið valhneturnar mjög smátt. Setjið í skál.
2. Bætið agavesírópi og carobi út í skálina og hrærið vel. Kælið deigið í um 30 mínútur.
3. Mótið litlar kúlur í höndunum (gott að nota plasthanska).
4. Veltið upp úr sesamfræjum eða kókosmjöli.
5. Kælið.

**HÆGT ER AÐ SKOÐA ÞESSAR UPPSKRIFTIR OG AÐRAR Á CAFESIGRUN.COM**

## GOTT AÐ HAFA Í HUGA

- Acacia-hunang fæst í heilsubúðum en nota má agavesíróp í staðinn.
- Nota má pekanhnetur í staðinn fyrir valhnetur.
- Nota má kakó í stað carobs.
- Nota má carob í stað kakós. Carob hentar þeim sem eru viðkvæmir fyrir örvandi efnum kakósins og hentar því börnum vel. Carob fæst í heilsubúðum og heilsuhillum matvöruverslana. Það fæst bæði sem duft (eins og kakó) og í plötum (eins og súkkulaði).



**HOLLUSTA** Sigrún hefur einstakt lag á að gera hollan mat góðan.






# JÁKVÆÐ UPPBYGGING Á NÝBÝLAVEGINUM

**KÓPAVOGUR KYNNIR** *Nýbýlavegur í Kópavogi hefur breyst mikið á undanförnum árum en þar hefur staðið yfir jákvæð uppbygging. Mörg þjónustufyrirtæki eru við götuna.*

Nýbýlavegurinn er elsta gata Kópavogs en hann var opnaður árið 1936. Á þeim tíma stóð reisulegt stórbýli við Nýbýlaveg og fyrsta þéttbýlið í Kópavogi myndaðist meðfram Nýbýlaveginum.

Ásýndin er önnur í dag, því nú stendur við Nýbýlaveginn glæsileg íbúðabyggð og öflugt þjónustusvæði sem hefur byggst mikið upp á síðustu misserum.

Nokkur fyrirtæki hafa verið á Nýbýlaveginum um árabil, má þar nefna Hárgreiðslustofuna Hárný sem hefur verið lengst núverandi fyrirtækja á Nýbýlavegi, eða í 24 ár, fjölskyldurekna gistiheimilið Lily Guesthouse, Tinnu heildverslun sem einnig rekur hannyrðaverslunina Mólý, veitingastaðinn Dominos Pizza með pitsur úr hágæða hráefni og útivistarverslunina ZO-ON sem selur útivistarfatnað hannaðan fyrir íslenska veðráttu. Það er mikils virði að hafa þjónustu- og verslunarsvæði í alfaraleið og nauðsynlegt að aðgengi sé gott og þægilegt. Það er svo sannarlega raunin á þessum stað.

Undanfarið hafa fleiri fyrirtæki bæst í hópinn og glætt svæðið lífi. Verslun og vinnustofan Evuklæði og Ísafold design með íslenska hönnun, Lyfja með lyf, heilsuvörur, snyrti- og hreinlætisvörur, Kruðerí Kaffitárs þar sem gott er að fá sér kaffibolla og gómsætt bakkelsi, garnverslunin Rósa Amma sem selur allt fyrir prjón og hekl ásamt prjónavélagarni og fasteignasalan Domusnova sem býður upp á sérhæfða ráðgjöf í fasteignaviðskiptum. Það nýjasta í flórunni er svo CoolCos snyrtivörur og förðunarstofa Helgu Karólínu.

Á aðventunni verður starfræktur jólamarkaður sem öllum er velkomið að heimsækja. Eins og sjá má á þessu hefur Nýbýlavegur gengið í endurnýjun lífdaga með spennandi framboði verslunar og þjónustu. Verið hjartanlega velkomin á Nýbýlaveg.



**UPPBYGGING** Áshildur Bragadóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs. MYND/DANÍEL



**VOLKSWAGEN PASSAT** Er orðinn vinsæll í Bandaríkjunum.

# VINSÆLDIR DÍSILBÍLA STÓRAUKAST Í BNA

## Nýliðinn október var 36. mánuðurinn í röð sem sala dísilbíla hefur vaxið í Bandaríkjunum.

Dísilbílar hafa ekki sérlega átt vinsældum að fagna í Bandaríkjunum, en það breytist nú hratt. Meira að segja Volkswagen furðar sig á hversu vel dísildrifnum bílum þeirra hefur verið tekið á undanförnum misserum. Í nýliðnum október voru 22% seldra Volkswagen bíla í Bandaríkjunum með dísilvél. Langvinsælastur þeirra er Volkswagen Passat, en 30% seldra slíkra voru með dísilvélum. Það er kannski ekki nema von í því ljósi að á tankfylli má aka þeim bíl 1.290 kílómetra og þar sem Bandaríkjamenn aka gjarnan langar vegalengdir á þjóðvegum nýtast slíkir bílar enn betur.

### Vanmetnar vinsældir

Þegar Volkswagen setti dísilútgáfu Passat-bílsins á markað vestanhafs bjuggust þeir við að um 17% þeirra yrðu dísildrifnir, en það reyndist vanmat, þeir eru nærri helmingi vinsælli. Volkswagen hefur reyndar mikla sérstöðu í Bandaríkjunum hvað dísilbíla varðar, því Volkswagen er með 72% heildarmarkaðarins í dísildrifnum fólksbílum. Þá eru jeppar og pallbílar undanskildir, en vinsældir þeirra með dísilvél eiga sér lengri sögu þar vestra.

Það sem hamlað hefur sölu dísildrifinna fólksbíla er sú staðreynd að það eru langt í frá allar eldsneytisstöðvar í Bandaríkjunum sem bjóða dísilolíu til sölu. Þeim fer þó fjölgandi. Bandaríkjamenn eru því hægt og rólega að átta sig á kostum dísilvéla, en þar hefur verið innbyggð andstaða við dísilvélar til langs tíma. Hvort það á rætur að rekja til þeirrar sótmengunar sem frá þeim kemur eða þess hávaða sem fyrri dísilvélum fylgdu, eða allt öðru, skal ósagt látið. Það er hins vegar lág eyðsla dísildrifinna bíla og hátt eldsneytisverð sem fengið hefur augu Bandaríkjamanna til að líta í átt til dísilbíla.

### Vöxtur 36 mánuði í röð

Í ágúst síðastliðnum jókst sala dísilbíla í Bandaríkjunum um 41,8% frá ágúst árinu áður og 38,1% í júlí. Október var 36. mánuðurinn í röð sem sala á dísilbílum hefur vaxið í Bandaríkjunum. Þó svo að hlutfall þeirra í heildarbílasölunni sé ekki svo ýkja hátt enn, er vöxturinn mjög hraður. Hann mun seint ná vinsældum dísilbíla í Evrópu, en þar er ríflega helmingur allra seldra nýrra bíla með dísilvél og það sama á við um Ísland. Fastlega er búist við að vegur dísildrifinna bíla eigi eftir að aukast enn meira vestanhafs og fleiri og fleiri bílaframleiðendur þora að bjóða dísildrifna bíla þar, en Volkswagen hefur rutt brautina fyrir aðra bílaframleiðendur.

**22% seldra Volkswagen bíla í Bandaríkjunum í nýliðnum október voru með dísilvél.**

**Volkswagen er með 72% heildarmarkaðarins í dísildrifnum fólksbílum í Bandaríkjunum.**

### Eru aðeins 1% af heildarflotanum

Dísildrifnir fólksbílar eru nú ekki nema eitt prósent af bílaflotanum í Bandaríkjunum, en ef pallbílar og aðrir stærri bílar eru taldir með nær sú tala þremur prósentum. Í dag eru í boði sautján gerðir dísildrifinna fólksbíla í Bandaríkjunum, átta gerðir pallbíla og sex gerðir annarra stórra bíla með dísilvélum. Á næstu tveimur árum verða kynntar nítján fleiri gerðir dísilbíla þar og í ljósi þess er ekkert í spilunum annað en að vegur dísilbíla þar muni taka áframhaldandi stór stökk á næstu árum. Því hefur verið spáð að árið 2018 verði sala dísilbíla komin upp í 8-10% af sölu nýrra bíla.







## AUDI A3

| | | |
|---|---|---|
| AUDI A3 | 1,4 BENSÍNVÉL, 122 HESTÖFL<br>Framhjóladrif<br><br>Eyðsla 5,0 l./100 km<br>í bl. akstri | Mengun 116 g/km CO2<br>Hröðun 9,3 sek.<br>Hámarkshraði 203 km/klst<br>Verð 4.990.000 kr.<br>Umboð Hekla |



MYNDIR/GVA@FRETTABLADID.IS

# BREYTTUR BÍLL EN ÚTLITIÐ NÁNAST EINS

## Virkar lítið breyttur en þegar betur er að gáð hefur flest breyst í þessum margverðlaunaða og söluhæsta bíl Audi.

**AUDI A3**
**Finnur Thorlacius reynsluekur**

Audi A3 er næstminnsti framleiðslubíll Audi, aðeins A1 er minni. Audi A3 er nú nýkominn af þriðju kynslóð, en sú fyrsta kom fram á sjónarsviðið árið 1996 og leysti þá af Audi 50 bílinn. Í fyrstu virðist þessi þriðja kynslóð bílsins ekki mjög frábrugðin afar vel heppnaðri annarri kynslóð bílsins sem lifað hafði ótrúlega lengi, eða í tíu ár. Þegar betur er skoðað er svo til allt nýtt við þennan bíl. Með þessari þriðju kynslóð A3 býðst hann í fyrsta skipti einnig í sedan-útgáfu, auk stallbaksins sem fá má bæði 3- og 5-dyra. A3 hefur ávallt verið fallegur bíll en líklega er þessi nýjasta sedan-gerð hans, með venjulegu skotti, sú alfríðasta. Audi A3 er margverðlaunaður og nú þegar hefur þessi nýja kynslóð hans unnið til nokkurra verðlauna. Eins og títt er um bíla í stóru Volkswagen-fjölskyldunni er sami MQB-undirvagn notaður í þennan bíl og nokkrar aðrar gerðir, svo sem Volkswagen Golf.

### Flestallt breytt þótt það sjáist ekki

Það hefur ávallt verið stefna í herbúðum Volkswagen-fjölskyldunnar að breyta ekki stórkostlega í útliti vel heppnuðum sölubílum og það á við um A3. Það gildir samt ekki um innihaldið því svo til allt er nýtt í þessum bíl. Það þarf samt eiginlega eiganda af annarri gerð hans til að greina hve mörgu hefur raunverulega verið breytt. Fyrir það fyrsta er bíllinn kominn með nýjan undirvagn, allar vélarnar sem eru í boði eru nýjar eða breyttar og hann er nú mun betur búinn allri tækni. Nýi A3 er örlítið stærri og rýmri, en samt hefur hann lést um heil 80 kíló milli kynslóða, sem er heilmikið fyrir ekki stærri bíl. Bíllinn hefur frá upphafi verið sportlegur og fríður að ytra útliti og ekki hefur það versnað með nýrri kynslóð. Stallbakurinn lítur vel út en nýja sedan-gerð hans slær honum þó við. Það er reyndar eins gott að þessi bíll sé fallegur því hann etur kappi við engin greppitrýni, þ.e. bíla eins og BMW 1-línuna, Mercedes Benz A-Class, Volvo V40, sem allir eru fallegir bílar.

### Slekkur á tveimur strokkum

Margir vélarkostir eru í boði í A3, fimm gerðir bensínvéla og tvær gerðir dísilvéla. Minnsta bensínvélin er 1,2 lítra og 105 hestöfl, en 1,4 lítra vélina má bæði fá í 122 og 140 hestafla útgáfu. Þá er hann einnig í boði með 1,8 lítra og 180 hestafla vél og alöflugasta vélin er svo í S3 kraftútgáfu bílsins, en hún er 300 hestöfl og 2,0 lítra sprengirými. Sá bíll er aðeins 5,1 sekúndu í hundraðið. Dísilvélarnar eru 1,6 lítra og 105 hestafla og 2,0 lítra og 150 hestöfl. Bíllinn sem prófaður var er með 122 hestafla bensínvélina. Það verður að segjast að undirritaður hélt að þessi vél væri skráð fyrir mun fleiri hestöflum því bíllinn er afar sprækur með henni. Vélin er tengd við 7 gíra S-Tronic sjálfskiptingu sem svínvirkar og skilar því besta úr vélarhúsinu til framhjólanna. Því er ekki endilega þörf á að kaupa sér stærri vél í þennan bíl til að njóta allra þeirra góðu aksturseiginleika sem hann hefur. Þessi vél er að auki búin afar snjöllum búnaði sem slekkur á tveimur af strokkum hennar ef mikils afls er ekki þörf og þá snarminnkar eyðslan. Bíllinn er með uppgefna eyðslu upp á 5,0 lítra, sem er ágætt fyrir lúxusbíl af þessari stærð. Uppgefin eyðsla dísilvélanna tveggja er 3,8 og 3,9 lítrar og er verð þeirra báðum megin við verð reynsluakstursbílsins. Hvorugur þeirra er þó jafn sprettharður og því erfitt að mæla með einni gerð umfram aðra. Bíllinn er lipur með snarpar og nákvæmar hreyfingar og fjöðrunin hæfilega stíf. Óneitanlega fór reynsluökumaður að láta sig dreyma um að vera með enn þá fleiri hestöfl undir vélarhlífinni því undirvagn þessa bíls býður upp á ferlega skemmtilegan akstur.

### Innréttingin slær við þeim flestum

Innréttingin í Audi A3 er eins og við má búast frá Audi mjög vel úr garði gerð. Það slá fáir Audi við þar, nema kannski Porsche. Öll stjórntæki og mælaborð eru svo notendavæn að varla er hægt að gera betur og útlitið allt hrikalega flott. Það sem kemur kannski mest á óvart við innréttinguna er að hún er enginn eftirbátur innréttinga í stærri og dýrari bílum Audi og verður það að teljast nokkuð langt gengið. Gott dæmi um þetta er 7 tommu skjárinn sem sprettur upp úr miðju mælaborðinu þegar bíllinn er ræstur. Þar má stjórna hljóðkerfi, símabúnaði og akstursölvunni. Framsætin eru góð í bílnum og vel fer um fullorðna í aftursæti ef þeir eru ekki mjög hávaxnir. Einn af ókostum bílsins er hins vegar útsýni aftur í honum sökum smæðar glugganna. Verð Audi A3 er á pari við samkeppnisbíla hans, Mercedes Benz A-Class, BMW 1-línuna og Volvo V40. Þeir eru allir á svipuðu verði. Ódýrasta gerð A3 er á 4.640.000 krónur en sú tala getur hækkað hratt ef bætt er í hann ýmsum þeim aukabúnaði sem í boði er. Það hefur alltaf verið einn af fáum ókostum Audi-bíla.




**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

**Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.***

**Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.**

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is

**BÍLAR**
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

**KEMUR Á ÓVART**
Sjö tommu upplýsingaskjárinn.
Hve rösk þessi litla vél er.

- Skert útsýni afturí
- Verð aukabúnaðar

- Aksturseiginleikar
- Innrétting
- Vélar


Innréttingar Audi eru ávallt fallegar.


DSG sjálfskipting Audi er frábær.





# SAAB HÓF FRAMLEIÐSLU Á NÝ Í GÆR

Næstum tveimur árum eftir gjaldþrot sænska bílaframleiðandans Saab hófst framleiðsla Saab-bíla aftur í gær í verksmiðju Saab í Trollhättan. Þar verður 9-3 bíll Saab framleiddur, en sá bíll var helsti sölubíll Saab áður en fyrirtækið fór í þrot. Nýr eigandi Saab, National Electric Vehicle Sweden, sem er í eigu aðila frá Hong Kong og Kína, ætlar að byrja með hóflegri framleiðslu bílsins í óbreyttri mynd. Á næsta ári verður svo hefðbundinni brunavél 9-3 skipt út fyrir rafmagnsmótora. Þannig búinn er bíllinn fyrst ætlaður fyrir kínverskan bílamarkað og gæti hann fengið einhverja útlitsbreytingu að auki. Bílarnir sem framleiddir eru nú verða bæði seldir í Evrópu og Kína og hugsanlega eitthvað seinna í Bandaríkjunum.

HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN
Í GÓÐUM HÖNDUM
VERIÐ VELKOMIN
Í SKEIFUNA






ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?
Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bílinn þinn hjá Aðalskoðun. Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Aðalskoðun, faggiltur skoðunaraðili í 19 ár

Aðalskoðun

HVITA HUSID/SIA

**Reykjavík**
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

**Reykjanesbær**
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

- **Dick Fosbury,** ólympíumeistari í hástökki 1968



„Til að skapa byltingarkennda tækni
þarf að ögra því hefðbundna.“




mazda

ZOOM- ZOOM

VERÐ FRÁ 3.190.000 KR.

## KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN MAZDA3 MEÐ SKYACTIV SPARTÆKNI MAZDA

Með því að stökkva aftur á bak í stað þess að stökkva fram, eins og hafði verið gert í marga áratugi, ögraði Dick Fosbury hefðinni með því að snúa henni við - bókstaflega. Hann skapaði byltingarkennda tækni og breytti hástökki til frambúðar. Með SKYACTIV spartækninni hefur Mazda, líkt og Fosbury, ögrað hefðbundnum aðferðum og náð ótrúlegum árangri. Hönnuðir Mazda hafa fært okkur fyrstu fjöldaframleiddu vélina með 14:1 þjöppunarhlutfalli sem skilar fádæma lágri eyðslu.

**MAZDA. DEFY CONVENTION.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

# Velkomin á Nýbýlaveg

Domino's Pizza
Nýbýlavegur 14
s. 581 2345
dominos.is

LYFJA
Nýbýlavegur 4
s. 527 2755
lyfja.is

ZO·ON ICELAND FACTORY STORE
Nýbýlavegur 6
s. 412 5869
zo-on.is

Rósa Amma
Nýbýlavegur 14
s. 554 5534

Lily Guesthouse
Nýbýlavegur 30
s. 555 2345

MÓLÝ HANNYRÐAVERSLUN
Nýbýlavegur 30
s. 554 4340

Kruðerí -KAFFITÁRS-
Nýbýlavegur 12
s. 420 2740
kaffitar.is

Evuklæði | ÍSA*FOLD design
Nýbýlavegur 6
s. 868 4995
s. 778 7151

hárný
Nýbýlavegur 28
s. 554 6422

DOMUSNOVA Fasteignasala
Nýbýlavegur 8
s. 527 1717
domusnova.is




Mikil uppbygging í verslun og þjónustu hefur átt sér stað á Nýbýlaveginum í Kópavogi. Mörg ný fyrirtæki hafa bæst í hóp rótgróinna fyrirtækja. Á Nýbýlavegi finnur þú fjölbreyttar verslanir, veitingastaði og þjónustufyrirtæki. Við bjóðum þig velkomin á Nýbýlaveginn og tökum vel á móti þér.

Markaðsstofa Kópavogs

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



HONDA Hr-v. Árgerð 2005, ekinn 125 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.160844.



CHEVROLET Cruze ltz. Árgerð 2012, ekinn 14 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.990619.



KIA Sorento ex luxury 2,5 140hö. Árgerð 2006, ekinn 111 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.990610.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**1.390.000 BESTA VERÐIÐ**

POLARIS Sportsman x2 800 götuskráð. Árgerð 2008, ekinn 11 Þ.KM. Verð 1.390.000. Gott lán í boði Rnr.146845. Sími 5773777



**950.000 BESTA VERÐIÐ**

CAN-AM Outlander 650 max götuskráð. Árgerð 2008, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 950.000. Visalán í boði Rnr.124481. Sími 5773777

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Citroen Berlingo Árgerð 2005, ekinn 119þ.km, bsk. Toppgrind. Gott eintak sem er á staðnum! Verð aðeins 690.000kr. Raðnr 100463. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



**DIESEL PAJERO 285ÞÚS !**

MMC Parjero diesel 2,5 árg.'96 ek. 300þús sk. ,14 Beinsk. krókur. Tilboð 285þús. S. 891 9847.



**HYHIUNDAI ACCENT**

Árg. ,98. ek. 115 þús. V. 220 þús. Uppl. í s. 861 0387.

## 250-499 þús.



**SPARNEYTINN 4X4 JIMNY**

Suzuki Jimny 1.3 árg ,00. ekinn 172þús. beinskiptur. 4x4. hátt og lágt drif. millikassi. nýleg heilsársdekk. samlæsingar. mjög gott viðhald og lýtur mjög vel út. Tilboðsverð aðeins 470þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR GULLMOLI**

Daihatsu Sirion 1.0 árg ,98. ek. aðeins 106þ.km. nýleg tímareim, smurbók frá upphafi. nýleg nagladekk. Ss.. mjög heill og góður bíll sem á mikið eftir. eyðsla 5.5L/100km. Tilboðsverð 330þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR FORRESTER - EKINN 188Þ.**

Subaru Forrester 4x4 árg.'98. ekinn aðeins 188þús., sjálfskiptur, dráttarkrákur, skoðaður 2014. Samlæsingar ný heilsársdekk, lítur mjög vel út. Tilboðsverð aðeins 390þús. stgr. möguleiki á 100% visa/euro láni. uppl. í s:659-9696.

## 500-999 þús.



**7MANNA EYÐSLUGRANNUR. EK. 58 ÞÚS!**

Renault Grand Scenic 1.6 árg ,04 ek. aðeins 58 þkm! 5g, bs, ný sko 14"aircondition, aðgerðarstýri, þokuljós ofl allar bremsur ofl ný yfirfarnar fyrir 200þ! V. 890 þús. TILBOÐ 590 þús. Visa/ mastercard lán. S. 777-3077



**IMPREZA TURBO - GOTT EINTAK**

SUBARU IMPREZA GT TURBO árg'99 wagon 17" wrx felgum á góðum nagladekkjum, lakk mjög gott, filmur, topplúga, körfustólar, kastarar, dráttarkrókur ofl verð 990 þús möguleiki á 100% visa láni, skoða öll skipti á ódýrari eða staðgreiðslu tilboð s.841 8955



**TILBOÐ 890 ÞÚS - TEK ÓDÝRARI UPPÍ**

JEEP LIBERTY RENEGADE 4X4 2002 ek.145 þús km. ný vetrardekk, kastarar,topplúga, millikassi með val um afturhjoladrif og 4x4 og lágt drif, mjög flott eintak! ásett verð 1100 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á 100% láni visa/euro s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**

98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 666 0675 eða sendu sms.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól




## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
**30% AFSLÁTTUR AF SÝNINGARHJÓLUM**
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Flísalagnir verð frá 1900kr/fm, gifs milliveggir verð frá 2900krm/fm Tilboð/tímavinna. Uppl. í síma 892 9295.

Smiður tekur að sér alla alm. trésmíðavinnu. Vönduð vinna. Uppl. í s: 869 1698.

## Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu







Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



**FALLEG KVÖLDLJÓS**
Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18, lau 12-15 Sími 517-8060. www.ditto.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Bækur




Nafnlausa stúlkan Sönn saga stúlku sem ólst upp hjá hópi hettuapa í frumskógi Kólumbíu í 5 ár

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Fín íbúð til leigu á Mánagötu, 2ja herb. 50 fm., á annarri hæð með sameiginl. inng. Aðeins rólegt og reglusamt fólk kemur til greina, meðmæli. 130.000 á mánuði, 2 mán. gr. fyrirfram. hartmanng@simnet.is, 897-1675.

2-3. herb. íbúð, lítil sérhæð í miðbænum, laus strax. uppl. í S: 6973864

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 180 fermetra iðnaðarhúsnæði við Suðurhellu í Hafnarfirði. Bílalyfta getur fylgt. Uppl. 822 4200.

**TIL LEIGU SKRIFSTOFUHERBERGI**
Lítil og meðalstór skrifstofuherbergi með aðg. að internet tengingu, kaffist. og wc, miðsv. í Rvk. Uppl. s. 899 3760

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

SNAPS BISTRO · BAR

Snaps Bistro við Óðinstorg óskar eftir að ráða Uppvaskara í fullt starf og hlutastarf. Áhugasamir hafi samband með því að senda póst á snaps@snaps.is Snaps Bistro wishes to hire a dishwasher, if you are interested please contact us by sending an email to snaps@snaps.is

ALEFLI EHF BYGGINGAVERKTAKAR

**HÚSASMIÐIR**
Óskum eftir að ráða húsasmiði vana mótauppslætti.
**Upplýsingar gefur Magnús í s. 660 4472**



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna

sushi samba

Viltu vinna á skemmtilegum veitingastað?

Sushisamba er að bæta við sig brosandi og hressu fólki í kvöld- og helgarvinnu.

Áhugasamir eru velkomnir í viðtal miðvikudaginn 4. des. á Sushisamba milli klukkan 13:00-15:00 eða sent ferilskrá á sushisamba@sushisamba.is




## atvinna

**GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR**

Sólsteinar/S.Helgason leitar að grafískum hönnuði í fullt starf.

Viðkomandi þarf að :
- vera orðinn 25 ára
- vera mjög góð/ur í Adobe Illustrator og Photoshop
- hafa gott vald á stafsetningu og málfari
- vera heilt yfir vönduð manneskja og áreiðanleg

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á:
**oskar@solsteinar.is** eða **brjann@shelgason.is**

SÓLSTEINAR S:HELGASON
- Steinsmíði síðan 1953 -

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030**
**Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 26. nóvember 2013, tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, ásamt umhverfisskýrslu, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu, var kynnt í samræmi við 30-31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. einnig lög nr. 105/2006. Tillagan var kynnt samhliða breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Tillagan var kynnt á tímabilinu 9. ágúst 2013 til 20. september 2013. Frestur til að gera athugasemdir rann út 20. september.

Alls bárust 206 bréf með athugasemdum við ýmis efnisatriði í auglýstri aðalskipulagstillögu. Athugasemdir leiða til nokkurra breytinga og lagfæringa á tillögunni. Helstu breytingar sem gerðar eru á tillögunni að lokinni auglýsingu, varða tímasetningar landnotkunar í Vatnsmýri, breytta forgangsröðun einstakra þéttingarsvæða, skýrari forsendur um mögulega uppbyggingu norðan Suðurlandsbrautar og breytta afmörkun á Græna treflinum á Kjalarnesi. Auk þessu er gerðar allnokkrar lagfæringar til að skerpa og skýra einstök stefnuákvæði.

Breytingar sem gerðar eru hafa ekki áhrif á megin markmið eða forsendur aðalskipulagsins og breyta því ekki tillögunni í grundvallaratriðum. Bréf hefur verið sent til þeirra sem gerðu athugasemdir og þeim kynnt afgreiðsla borgarstjórnar og umsögn um athugasemdir.

Aðalskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum verður send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

**Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.**

**BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071**

## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Lindargata 31- Reykjavík. Glæsileg 3ja herbergja íbúð

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Vönduð 100,9 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð að meðtalinni 10,1 fm. sér geymslu í kjallara, í nýlegu lyftuhúsi í Skuggahverfinu. Stæði í bílahúsi í kjallara fylgir íbúðinni. Aukin lofthæð er í íbúðinni. Eik er í hurðum og innréttingum. Stórar suðursvalir út af stofu sem erurúmgóð og björt. Tvö rúmgóð herbergi með skápum. Íbúðin er laus og til afhendingar strax. Eigandi skoðar skipti á ódýrari eign miðsvæðis í Reykjavík. Glæsileg eign í miðbæ Reykjavíkur. **Verð 42,9 millj.** íbúð merkt 0201. Verið velkomin.

### Efstilundur 9 - Garðabæ

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Frábærlega staðsett 195,5 fermetra einbýlishús á 895,0 fermetra lóð við opið svæði með útsýni að Heiðmörkinni og yfir golfvöllinn GKG. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum og hús að utan, gluggar og þak eru nýlega máluð. Eldhúsinnrétting var endurnýjuð fyrir um 10 árum síðan. Samliggjandi bjartar stofur. 4 herbergi. Gróin lóð með hellulögðum stéttum og veröndum. **Verð 61,9 millj.**


## útboð

### Leigubústaðir Árborgar ehf.

Leigubústaðir Árborgar ehf auglýsa útboð á verkinu. “Leigubústaðir Árborgar, þjónusta og viðhald 2014-2015”. Nánar tiltekið er um að ræða viðhald og viðgerðir á fasteignum Leigubústaða Árborgar ehf. sem alls eru 102 talsins, staðsettar á Eyrarbakka, Selfossi og Stokkseyri.

Útboðsgögn verða afhent í afgreiðslu Ráðhúss Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, frá og með fimmtudeginum **5. desember 2013.**
Óski bjóðendur frekari upplýsinga skulu þeir gera það með fyrirspurn í tölvupósti á netfangið **asta@arborg.is** eigi síðar en 11. desember n.k.
Skrifleg svör verða send öllum þeim aðilum sem útboðsgögn fá afhent.

**Tilboðum skal skilað í Ráðhús Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, fyrir kl. 11 föstudaginn 20. desember 2013, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.**

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi þannig merktu:

**Leigubústaðir Árborgar ehf**
**-Þjónusta og viðhald 2014-2015-**
**Tilboð**
Frestur til að taka tilboði er 10 dagar frá opnun tilboða.
Tilboð eru bindandi í fjórar vikur frá opnun þeirra.

Selfossi, 2. desember 2013

**Leigubústaðir Árborgar**

## tilkynningar



# *Ársfundur* ÚRVINNSLUSJÓÐS

ÁRSFUNDUR ÚRVINNSLUSJÓÐS
VERÐUR HALDINN
**FIMMTUDAGINN 5. DESEMBER KL 13:30**
**Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA**

### DAGSKRÁ

- Formaður stjórnar setur fundinn
- *Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra*
- *Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs*
- Ársreikningur 2012 og starfsemi
- Söfnun, flokkun og endurvinnsla plastumbúða frá heimilum í Noregi – *Svein Eirik Røvik*
- Umræður

Fundargögn munu liggja frammi á fundarstað
*Stjórn Úrvinnslusjóðs*

ÚRVINNSLUSJÓÐUR **www.urvinnslusjodur.is**

PORT hönnun

# Auglýsing um breytingar á Aðalskipulagi Ölfuss

### Skipulagslýsingar fyrir breytingar á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022, samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem taka til:

1. Skipulagslýsing fyrir 66kV jarðstrengur sem Landsnet leggur frá Selfossi að spennistöð við Þorlákshöfn. Strengurinn liggur innan Ölfuss frá Óseyrarbrú, fyrst með þjóðveginum og síðan yfir sandinn að kambinum og að þjóðveginum og með honum að spennistöðinni.
2. Skipulagslýsing fyrir iðnaðarsvæði uppi á Norðurhálsum, við rætur Skálafells. Verið er að stækka iðnaðar- og vinnslusvæðið við Hverahlíð. Frá Hverahlíð verður lagður vegur upp á Norðurhálsa að borsvæðum sem þar verða staðsett.
3. Skipulagslýsing fyrir stækkun á iðnaðarsvæði I23 við Keflavík og á iðnaðarsvæði I3 við Laxabraut í átt að gömlu grjótnámunni. Einnig breyting á reiðleið við Bolaöldur.
4. Sagt frá skipulagslýsingum sem áður hafa verið kynntar og sendar út til umsagnar:
   a) Hellisheiði-Hverahlíð, samtenging á iðnaðarsvæðum og síðan skiljuvatnslögn frá Hellisheiðavirkjun til sjávar við Þorlákshöfn.
   b) Gerð lóðar fyrir minkabú á iðnaðarsvæði I14 norðan við Þorlákshöfn.

Skipulagslýsingarnar eru á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is, undir kassanum á forsíðunni, framkvæmdaleyfi og skipulag.

*Á fundinum verður einnig rætt um umferðaröryggisáætlun fyrir Ölfus. Gert er ráð fyrir að vinna hana með íbúum Ölfuss.
*Rætt um staðsetningu á gámasvæði innan Þorlákshafnar.

**Fundurinn verður haldinn í Ráðhúskaffi fimmtudaginn 5. desember 2013 kl. 16.**

*Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.*

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í SÚÐAVÍKURHREPPI

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir Reykjanes í Súðavíkurhreppi**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Reykjanes í Súðavíkurhreppi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir fjölbreyttri landnotkun í sátt við náttúru svæðisins. Þar er gert ráð fyrir öflugri ferðaþjónustu, frístundabyggð og léttum iðnaði þar sem jarðhiti er nýttur á sjálfbæran hátt. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja útivistarmöguleika á öllu nesinu utan skilgreindra lóða, bæði á landi og sjó.

Gert er ráð fyrir að flugvöllurinn verði áfram hluti að öryggisneti Inndjúpsins.

Sérstök áhersla er lögð á verndun strandsvæða sem og annarra náttúru- og menningarminja.

Gert er ráð fyrir að uppbygging svæðisins verði sem næst því svæði sem þegar hefur verið byggt, þ.e. á norðurhluta nessins, en syðri hlut þess verði óbyggður og geti nýst fyrir almenna útivist.

Tillagan, ásamt greinargerð, verður til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 5. desember 2013 til og með 25. janúar 2014.

Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Súðavíkurhrepps, **www.sudavik.is.**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til **25. janúar 2014.**

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillöguna.

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð að Hlíð í Álftafirði**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð að Hlíð í Álftafirði skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 16 lóðum fyrir frístundahús, 7 fyrir stök hús ofan þjóðvegar og 9 lóðum neðan þjóðvegar. Á 6 lóðum neðan þjóðvegar má staðsetja flotbryggjur niður af frístundahúsum, þar sem hver um sig má vera allt að 2 m á breidd og 10 m á lengd.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að lóðarhafar skulu á eigin kostnað setja upp 5 m hátt skjólbelti úr sígrænum gróðri.

Tillagan, ásamt greinargerð, verður til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 5. desember 2013 til og með 25. janúar 2014.

Einnig má sjá tillöguna á heimasí ðu Súðavíkurhrepps, **www.sudavik.is.**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til **25. janúar 2014.**

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps **Grundarstræti 3, 420 Súðavík.**

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillöguna.

**Árni Traustason**
*byggingar-og skipulagsfulltrúi Súðavíkurhrepps*


Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


CANADA GOOSE
ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
TRILLIUM
MONTEBELLO
CITADEL
KENSINGTON
VICTORIA
CHILLIWACK
HYBRIDGE LITE
CHATEAU
GRÍPTU GÆSINA
CANADA GOOSE DÚNÚLPA Í JÓLAPAKKANN
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

## MERKISATBURÐIR

**1818** Illinois verður 21. ríki Bandaríkjanna.

**1825** Tasmanía verður sjálfstæð nýlenda Breta.

**1917** Goðafoss strandar við Straumnes norðan við Ísafjarðardjúp.

**1970** Verslunarmiðstöðin Glæsibær tekin í notkun í Reykjavík.

**1973** Pioneer 10. sendir fyrstu nærmyndirnar af Júpíter til jarðar.

**1990** Miðneshreppur fær kaupstaðaréttindi og nefnist þá Sandgerðisbær.

**1999** NASA missir samband við Mars Polar Lander áður en hann fer inn í lofthjúp Mars.

**ÞETTA GERÐIST:** 3. DESEMBER 1967

## Hjarta var grætt í mann í fyrsta sinn

Nýtt hjarta var grætt í mann í Höfðaborg í Suður-Afríku þennan dag árið 1967 af hjartaskurðlækninum Christian Barnard. Aðgerðin var gerð á spítalanum Groote Schuur í Höfðaborg og var sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Maðurinn sem aðgerðin var gerð á hét Sewis Washansky og var 53 ára. Hann var suðurafrískur kaupmaður sem var langt leiddur af hjartasjúkdómi. Nýja hjartað var úr 25 ára konu, Denise Darvall, sem lést í bílslysi.

Eftir uppskurðinn fékk Washansky lyf sem héldu ónæmiskerfinu niðri svo að líkaminn hafnaði ekki hjartanu. Af þeim sökum sýktist Washansky af lungnabólgu og lést átján dögum síðar. Nýja hjartað hafði hins vegar starfað eðlilega þessa átján daga.



# Verður örugglega vakin með söng og góðgæti

Jóna Guðrún Jónsdóttir, leikari, kennari og leiðsögumaður, er fimmtug í dag. Eftir morgungladning ætlar hún að sinna sínum yndislegu nemendum eins og á hverjum öðrum degi.

„Mér finnst gaman að halda veislur en ekki fyrir sjálfa mig og ég lagði það í hendurnar á eiginmanni mínum, Magnúsi Val Pálssyni og börnunum þremur, hvað gert yrði í dag svo ég bíð bara spennt!" segir Jóna Guðrún Jónsdóttir, kennari í Háteigsskóla, sem er fimmtug í dag. Hún minnist þess ekki að hafa haldið stórveislu á eigin afmæli. „En ég verð örugglega vakin með söng og góðgæti. Það er regla á mínu heimili."

Jóna Guðrún er menntuð sem leikari, kennari og leiðsögumaður og kveðst hafa ástríðu fyrir því öllu. „Ég er þannig manneskja að mér finnst allt skemmtilegt sem ég er að gera í það og það skiptið," segir hún og er staðráðin í að verja afmælisdeginum í sínu starfi. „Það er svo gaman í vinnunni, yndisleg börn sem ég er að kenna," lýsir hún og kveðst kenna 5. bekk og líka í valfagi á unglingastigi. „Ég byrjaði hér við Háteigsskóla í haust eftir sex ára hlé en hafði verið hér í þrjú ár áður, flutti svo suður með sjó og kenndi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í sex ár. Er fædd og uppalin í Keflavík og kann vel við mig þar, enda mikil Suðurnesjamanneskja, ættuð þaðan í báðar ættir."

Leiklistarferill Jónu Guðrúnar er æði fjölbreyttur þegar að er gáð. Beðin að rifja upp eftirlætisverkefni á því sviði svarar hún: „Mér fannst til dæmis rosalega gaman að leika í Kirsuberjagarðinum og fleiri stykkjum með leikhópnum Frú Emilíu í Loftkastalanum. Svo var ég líka í Hafnarfjarðarleikhúsinu um tíma og lék í Himnaríki eftir Árna Ibsen. Undanfarin ár hef ég verið svolítið í kvikmyndum og sjónvarpi, myndunum Foreldrum og Maður eins og ég og þáttunum Dagvaktinni, Fangavaktinni og Fóstbræðrum svo dæmi séu tekin." Hún segir gaman að geta sinnt leiklist og kennslu í bland og jafnvel samþætta þær greinar. Kveðst gera talsvert af því í skólanum. „Bæði kenni ég leiklist í sérstökum tímum og nota hana í öðrum kennslustundum þegar tækifæri er til," segir hún og lýsir því nánar. „Í stað þess að krakkarnir séu með bækur og blöð leyfi ég þeim að spinna út frá námsefninu."

Á tímabili kveðst Jóna Guðrún hafa talsvert stundað leiðsögn, aðallega með hollenska hópa en minna hafa gert af því upp á síðkastið. „Það hefur bara verið svo mikið að gera í öðru."

gun@frettabladid.is



**AFMÆLISBARNIÐ** Jónu Guðrúnu finnst gaman að geta sinnt leiklist og kennslu í bland og jafnvel samþætta þær greinar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



†

Hjartkær eiginkona mín,

**HALLDÓRA BERGÞÓRSDÓTTIR**
**Litlahjalla 1,**

lést á heimili sínu laugardaginn 30. nóvember.

**Andrés Andrésson**

---



†

Faðir okkar og tengdafaðir,

**SIGURGEIR HALLDÓRSSON**
**áður bóndi Öngulsstöðum Eyjafjarðarsveit,**

lést föstudaginn 29. nóvember. Jarðsett verður frá Munkaþverárkirkju laugardaginn 7. desember kl. 13.30.

**Jóhannes Geir Sigurgeirsson** — **Ragnheiður Ólafsdóttir,**
**Halldór Sigurgeirsson** — **Sigríður Ása Harðardóttir**
**Jóna Sigurgeirsdóttir** — **Lúðvík Gunnlaugsson**
**Snæbjörg Sigurgeirsdóttir** — **Friðrik Friðriksson**
**og fjölskyldur.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR ÁRNÍNA ÁRNADÓTTIR**
**Skarðshlíð 13c, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 28. nóvember. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 13. desember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri og Dvalarheimilið Hlíð.

**Ingvi Rafn Flosason**
**Árni Guðnason** — **Amalía Guðnason**
**Anna Guðrún Guðnadóttir** — **Rúnar Egilsson**
**Berglind S. Guðnadóttir** — **Indriði Jóhannsson**
**Jóhannes Rafn Guðnason**
**Karlína Sigríður Ingvadóttir** — **Marinó Marinósson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og stjúpamma,

**SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**fv. hjúkrunarkona**
**Hamraborg 26, Kópavogi,**

lést föstudaginn 30. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Jónas Ingimarsson**
**Vilborg Davíðsdóttir**
**Sigrún Ugla Björgvinsdóttir**
**Katrín Vilborgardóttir Gunnarsdóttir**
**Matthías Már Valdimarsson**

---



†

Okkar kæri bróðir, mágur og frændi,

**ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON**
**dömuklæðskeri og bankastarfsmaður,**
**Grettisgötu 32,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir að kvöldi laugardagsins 23. nóvember. Bálför fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 4. desember kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðni Guðjónsson** — **Barbara Stanzeit**
**Guðlín Kristinsdóttir**
**Jóna S. Sigurðardóttir** — **Helgi Þór Guðmundsson**

---



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ARNHILDAR HELGU GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Aratúni 32, Garðabæ.**

**Gunnar Gunnlaugsson**
**Gunnar Gunnarsson** — **Harpa Karlsdóttir**
**Irma Mjöll Gunnarsdóttir** — **Guðjón G. Bragason**
**Drífa Lind Gunnarsdóttir** — **Davíð Ketilsson**
**Þuríður Elín Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---






---



†

Móðir okkar,

**ELÍN JÓNSDÓTTIR**

sem lést 25. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. desember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Elínbjört Jónsdóttir**
**Petra Jónsdóttir**
**Arnþrúður Jónsdóttir**
**Hermann Jónsson**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR KRISTINSDÓTTIR**
**Háaleitisbraut 41, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum 30. nóvember.

**Aðalheiður Valgeirsdóttir** — **Erlendur Hjaltason**
**Sigríður Valgeirsdóttir** — **Einar Olavi Mäntylä**
**Emil Hannes Valgeirsson** — **Arna Björk Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**














*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



KL. 20:15 Á FULLU GAZI

Sigríður Elva og Finnur Thorlacius stýra þessum fjörugu og skemmtilegu bílaþáttum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 19:50

NEW GIRL

Frábærir gamanþættir sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar.



KL. 20:50

THE BIG BANG THEORY

Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnörd-ana Leonard og Sheldon.



KL. 21:15

HOW I MET YOUR MOTHER

Ted heldur áfram að segja söguna af því hvernig hann kynntist barnsmóður sinni.



KL. 21:40

THE MENTALIST

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.




Krakka Stöðin | KL. 07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 21:10

ÞRIÐJUDAGSKVÖLD MEÐ FRIKKA DÓR

Friðrik Dór stjórnar þessum skemmtilega þætti þar sem boðið verður upp á frábæra tónlist og góðir gestir mæta.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakka Stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | | | 4 | 5 | 8 |
| | | | | | | | 1 | 2 |
| | | 5 | | 9 | | | 6 | |
| | | 2 | 7 | | | 1 | 8 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 6 | | |
| | 8 | 1 | 2 | 3 | | | | 4 |
| | 2 | 4 | | 8 | | 7 | | 6 |
| | | 9 | 3 | 7 | | | | 1 |
| 8 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 9 | | 8 | |
| | 7 | | 2 | 8 | | | 5 | 1 |
| | | 2 | 3 | 4 | | | | 9 |
| | | | 6 | 3 | 8 | | | 5 |
| | | 7 | | | | 9 | | |
| | 6 | | | | 1 | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 4 | 9 | | | 7 | | | 3 |
| | 1 | 5 | 9 | | | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | | | | | 3 |
| | | 5 | | | 4 | | 7 | |
| | 7 | | | 9 | | | | 5 |
| 1 | 8 | | 4 | | | | 5 | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 6 | | 8 | 4 |
| | | | | | 2 | | | |
| 5 | | 4 | 6 | | | | | |
| 7 | | 9 | | 4 | 1 | 6 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 8 | 7 | 3 | 9 | 2 | 5 | 6 | 1 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 4 |
| 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 9 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 | 1 | 5 |
| 9 | 7 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 2 | 3 | 8 | 4 | 9 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 8 | 9 | 4 | 6 | 3 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 5 | 3 | 4 | 1 | 7 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 5 | 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 1 |
| 1 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 | 2 | 3 | 4 |
| 8 | 7 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 3 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 2 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ef þú ert í vafa um hvort verknaður sé góður eða slæmur skaltu forðast hann.“**

*- Zaraþústra*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** sót, **6.** spil, **8.** of lítið, **9.** tækifæri, **11.** átt, **12.** tíðindi, **14.** rusl, **16.** ætíð, **17.** gerast, **18.** annríki, **20.** tveir, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**

**1.** helminguð, **3.** átt, **4.** máski, **5.** kvk nafn, **7.** fiskur, **10.** sægur, **13.** loft, **15.** keppni, **16.** afbrot, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ösku, **6.** ás, **8.** van, **9.** lag, **11.** na, **12.** fregn, **14.** drasl, **16.** sí, **17.** ske, **18.** önn, **20.** ii, **21.** karl. **LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** sv, **4.** kannski, **5.** una, **7.** sardína, **10.** ger, **13.** gas, **15.** leik, **16.** sök, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Bandaríkjamaðurinn Alexander Onischuk (2672) fann smekklega sigurleið gegn Egyptanum Razik Khaled Abdel (2450) á HM landsliða.**

**Svartur á leik**



**44. De4+!** Mun einfaldara en 44. Da7 Bd5 45. b7 Bxb7 46. Dxb7 þótt það sé auðunnið einnig. Svartur gafst upp þar hann getur ekki stöðvað b-peðið eftir 44....Hxe4 45. fxe4. Í dag fer fram sjöunda umferð mótsins. Úkraínumenn efstir.

**www.skak.is.** Rússar og Úkraínumenn mætast í dag.

# Úrvalsbækur handa börnum




## „Fyrsta flokks barnabók“

Tónlistin úr leiksýningunni „Skrímslið litla systir mín“ fylgir með á geisladiski.

„Bókin er fallega myndskreytt af Björku Bjarkadóttur og tónlist Eivarar Pálsdóttur er skemmtileg viðbót við vandaða bók. Eins og aðrar fyrsta flokks barnabækur höfðar bókin bæði til barna og fullorðinna.“

*Ólöf Skaftadóttir, Frbl. 18. okt.*

★★★★

## Lísa í Undralandi í nýjum ævintýrum

*Í gegnum spegilinn* er sjálfstætt framhald *Lísu í Undralandi* og hefur löngum verið talið eitt af meistaraverkum barnabókmenntanna. Kemur nú út í fyrsta sinn á íslensku í vandaðri þýðingu Valdimars Briem og með upprunalegum myndskreytingum.




## Bækur fyrir börn og foreldra




Handa öllum þeim sem eiga erfitt með að stilla skap sitt og bregðast við stríðni og öðrum streituvöldum.

Hvernig er hægt að fá börnin til að koma sér upp góðum venjum við heimanámið? Þessi bók veitir ótal góð ráð í því efni!




## Frábærar smábarnabækur













## Ævintýraheimur barnanna




Glæsilegar útgáfur með ævintýrum Grimmsbræðra og sögum úr sagnabálki Esóps. Frábærar myndskreytingar Vals Biros leiða okkur inn í töfrandi sagnaheim liðinna alda.

**Sögur sem öll börn þurfa að kynnast.**

SKRUDDA
www.skrudda.is

# Einmanalegt, gefandi og skapandi starf

María Rán Guðjónsdóttir er tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna fyrir þýðingu sína á Rödd í dvala eftir spænsku skáldkonuna Dulce Chacon. Þetta er í annað sinn sem María er tilnefnd til verðlaunanna, hið fyrra var árið 2010.

Sagan er byggð á viðtölum sem höfundurinn, Dulce Chacon, tók við stóran hóp af fólki, bæði fólk sem var uppi á tímum borgarastyrjaldarinnar og fólk sem þekkti sögur úr henni frá ættingjum,“ segir María Rán Guðjónsdóttir þýðandi, beðin að gera í stuttu máli grein fyrir efni bókarinnar.

„Sögurnar fjalla um konur sem tóku þátt í borgarastyrjöldinni á Spáni og máttu eftir sigur Francos þola fangavist í Madrid. Chacon vann að þessari bók á fjögurra ára tímabili samhliða öðrum verkefnum,“ segir María. „Hún lést fyrir tíu árum, langt fyrir aldur fram, og þetta var síðasta skáldsagan hennar. Bíómyndin sem Benito Zambrano gerði eftir sögunni árið 2011 var tilnefnd til Óskarsverðlauna það ár sem besta erlenda myndin af hálfu Spánverja.“

María segir það verkefni að þýða bókina hafa komið til sín og hún hafi strax orðið mjög spennt fyrir því. „Þetta er ofsalega falleg saga,“ segir hún. „Hún er mjög sorgleg, en frásögnin er falleg og hrífandi, auk þess sem stíllinn er einfaldur en áhrifamikill.“


**ÞÝÐANDINN** María Rán Guðjónsdóttir er nú tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna í annað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

María lærði spænsku og bókmenntafræði með áherslu á spænskar og suður-amerískar bókmenntir, hér heima, á Spáni og í Mexíkó. Hún hefur þýtt nokkrar bækur úr spænsku við góðan orðstír, var meðal annars tilnefnd til þýðingaverðlaunanna 2010 fyrir þýðingu sína á Kirkju hafsins eftir Ildefonso Falcones. Hún segir þó enga leið að lifa af þýðingum eingöngu. „Verkefnin koma ekkert á færibandi í þessum geira,“ segir hún. „Ég lærði líka menningarstjórnun og er eins og er að vinna fyrir bókaútgáfuna Crymogeu.“

Hún segir alls óvíst hvaða verkefni hún fái næst, það séu ekki það margar bækur þýddar úr spænsku. „Ég er opin fyrir uppástungum,“ segir hún hlæjandi. „Ég fæ mjög mikið út úr því að þýða. Þótt það sé stundum einmanalegt starf þá er það samt mjög gefandi og skapandi.“

fridrikab@frettabladid.is

# Vantar öfgarnar

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Jón Leifs: Eilífð. Strengjakvartettar**
**SMEKKLEYSA**

Jón Leifs var öfgamaður í tónlist sinni. Mögnuðustu verkin hans eru þau sem hann samdi fyrir stóra hljómsveit, stundum með blönduðum kór. Þannig tónsmíðar eru Hekla og Geysir, Sögusinfónían, Dettifoss og Hafís, svo ég nefni einhver dæmi. Tónmálið er hrjóstrugt og dulúðugt, jafnvel brjálæðislegt; náttúrukraftarnir eru óbeislaðir.

Þessi heillandi forneskja skilar sér ekki almennilega í kammerverkum Jóns, þrátt fyrir að innan um séu fallegir kaflar. Það er auðheyrt á nýjum geisladiski með þremur strengjakvartettum. Strengjakvartett er í eðli sínu fínleg hljóðfærasamsetning. Hér er tónlistin innhverf, en ofsinn, sem er svo undarlega sjarmerandi, nær ekki í gegn. Fyrir bragðið verður tónlistin langdregin, jafnvel leiðinleg.

Rut Ingólfsdóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir leika á fiðlu, Þórunn Ósk Marinósdóttir á víólu og Hrafnkell Orri Egilsson á selló. Stundum er fyrsta fiðlan örlítið hjáróma, sem er dálítið vandræðalegt. En í það heila er túlkunin einlæg, spilamennskan ágætlega samstillt. Verst að það dugir ekki til að gera tónlistina meira en „áhugaverða“.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Ekki tekst almennilega að lappa upp á langdregna strengjakvartetta Jóns Leifs.

# Fagri, fagri Schubert

TÓNLIST ★★★☆☆

**Edda Erlendsdóttir. Schubert, Liszt, Scönberg, Berg**
**ERMA**

Edda Erlendsdóttir er líklega sá íslenski píanóleikari sem hefur sent frá sér flesta geisladiska. Sá nýjasti inniheldur fjölbreytta dagskrá. Toppurinn samanstendur af þremur píanóstykkjum D. 946 eftir Schubert. Þau eru forkunnarfögur og Edda spilar þau af yfirburðum. Túlkunin er full af alúð og andagift, innlifun og einlægni. Maður getur hlustað á þennan hluta disksins aftur og aftur.

Nokkuð síðri er flutningurinn á fjórum framúrstefnulegum verkum eftir Liszt. Leikur Eddu er stundum ansi varfærnislegur. Það vantar einhvern galdur í hann. Ég kemst t.d. ekki hjá því að bera Bagatellu án tóntegundar saman við einstaklega seiðandi túlkun Alfreds Brendels á henni. Hún kom út fyrir nokkrum áratugum en er aðgengileg á YouTube. Miklu meiri leikur og skáldskapur er í spilamennsku Brendels. Það mættu vera ríkulegri tilþrif hjá Eddu, bæði í þessu verki og hinum líka eftir Liszt.

Þrjú stykki op. 11 eftir Schönberg eru hins vegar óaðfinnanleg og sama er uppi á teningnum hvað varðar sónötu op. 1 eftir Alban Berg. Hún er margbrotin og spennandi í túlkun Eddu.

Upptakan vekur þó upp spurningar. Hljómurinn er dálítið skrýtinn, það skortir glansinn sem maður er vanur að heyra á einleiksplötum af þessu tagi. Meiri fagmennska hefði verið æskileg þegar svo vandaður píanóleikari er annars vegar.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Oftast glæsileg spilamennska, sérstaklega Schubert, en upptakan mætti vera betri.



ferplast
GÆÐIN SKIPTA MÁLI
DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini
Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar


Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói
Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is
GALINA ULANOVA (1963)
MAJA PLISETSKAJA (1964)
Aukamynd: Helgi Tómasson (1969)
*Galina Ulanova* og *Maja Plisetskaja*, tvær af þekktustu ballerínum Rússlands, að sumra mati bestu ballettdansarar, 20. aldarinnar, birtast hér í sitthvorri heimildarmyndinni. Þær gegndu báðar stöðu „prima ballerina assoluta“ við Bolshoj ballettinn í Moskvu. Hér með hefst **balletþema** Kvikmyndasafnsins.



Til hamingju!
**Brosbókin hefur verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.**
Brosið hennar Sólu er týnt. Allt er öfugsnúið.
Sagan lýsir á ævintýralegan hátt leitinni að brosinu.
Bráðskemmtileg og gullfalleg bók sem hvetur börn til að tjá sig um líðan sína.
Salka
www.salka.is

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

*Tilnefning*

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

## FAGURBÓKMENNTIR




Guðmundur Andri Thorsson




Sjón




Vigdís Grímsdóttir

## BARNA- OG UNGLINGABÆKUR




Andri Snær Magnason




Sif Sigmarsdóttir




Sigrún Eldjárn




Vilhelm Anton Jónsson

## FRÆÐIRIT




Guðmundur Páll Ólafsson




Jón Gauti Jónsson




Gísli Sigurðsson

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2013

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# Agli þykir gengið fram hjá Þórunni

Tilnefningar Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fagurbókmenntum koma Agli Helgasyni ekki á óvart.

„Ég átti von á að ljóðabókin eftir Þorstein frá Hamri yrði tilnefnd. Hann er kannski jafnvel á þeim stað að vera hafinn yfir bókmenntaverðlaun. Svo er ég eiginlega bara móðgaður yfir því að gengið var fram hjá bók Þórunnar Erlu og Valdimarsdóttur, Stúlka með maga. Þórunn er bæði ritfær og er að segja svo skemmtilega og áhugaverða sögu,“ segir Egill Helgason um tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sem tilkynntar voru á sunnudag.

Að þessu sinni gefa fáar konur út bækur. Oft hefur verið kynjapólitík í tilnefningavali að mati Egils. „Þess vegna er það enn þá skrítnara að bók Þórunnar hafi ekki verið tilnefnd.“ Nú telur hann að hugsanlega liggi að baki þessu einhver hugsun um að eitt forlag einoki ekki tilnefningar. „Ef bók Þórunnar Erlu og Valdimarsdóttur hefði verið inni og einhver önnur úti gæti hafa komið upp sú staða að allar tilnefndu bækurnar hefðu verið gefnar út af einu forlagi.“ - ue



**SKRÍTIÐ** Agli finnst skrítið að Þórunn hafi ekki verið tilnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HRESS HJÓN** Björn Bjarnason og Rut Ingólfsdóttir brostu út að eyrum.



➜ **Karólína Lárusdóttir** er fædd árið 1944 og nam myndlist í Bretlandi.

# Listaverkabókinni fagnað með stæl

Útgáfu listaverkabókar Karólínu Lárusdóttur var fagnað með pompi og prakt í Björtuloftum í Hörpu og skemmtu gestir sér konunglega. Í bókinni eru 146 litmyndir af verkum hennar, olíumálverkum, ætingum, akvatintum, teikningum og steinprenti, auk fjölda ljósmynda úr fjölskyldualbúminu hennar. Aðalsteinn Ingólfsson skrifar grein um Karólínu, ævi hennar og listþróun á ensku og íslensku í bókinni en auk þess inniheldur bókin skrár yfir helstu sýningar hennar.



**AÐDÁENDUR KARÓLÍNU** Elsa María Ólafsdóttir og Bryndís Loftsdóttir mættu með góða skapið.



**PRÚÐBÚIN** Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup, ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Guðjónsdóttur.



**TVÆR GÓÐAR** Nanna Rögnvaldardóttir og Guðrún Sigfúsdóttir létu sig ekki vanta.



**LISTUNNENDUR** Ingimundur Sveinsson og Pétur Ármannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




ÁHRIFARÍKAR BÆKUR SEM VEKJA LESENDUR TIL UMHUGSUNAR




Æsispennandi bók sem þú leggur ekki frá þér

Sönn saga

**Dóttirin**
Hannah Shah

Falleg og skemmtileg bók fyrir börn á öllum aldri




**Draumaeyjan**
Hermann Ingi Ragnarsson

SALT




Brandenburg

**PANTA & SÆKJA**

**5 78 78 74**

SAFFRAN

Glæsibæ • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni • Skoðaðu matseðilinn á saffran.is

SAMBÍÓIN
VINCE VAUGHN DELIVERY MAN
FRÁBÆR GAMANMYND
FAÐIR 533 BARNA. BARA VESEN!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE FIFTH ESTATE
"VERÐUR VART BETRI"
"SPENNANDI OG Á JAÐRINUM"
VAR ÍSLENSKUR ÞINGMAÐUR Í INNSTA HRING WIKILEAKS?
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THOR

| | | |
|---|---|---|
| **SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA** | | |
| DELIVERY MAN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| DELIVERY MAN VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| PRISONERS SÍÐUSTU SÝNINGAR | KL. 6 - 9 | 16 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| DELIVERY MAN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 5:20 - 10:10 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 10:10 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 8 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:40 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 10:20 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
CATCHING FIRE LÚXUS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| **SMÁRABÍÓ** (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
| PRINCE AVALANCHE | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.10 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| **HÁSKÓLABÍÓ** (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
| THE PAST | KL. 5.15 - 10.15 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 10.45 | 16 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |
| **BORGARBÍÓ** ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 - 10 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 - 8 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ
"ÞAÐ BESTA SEM HEFUR KOMIÐ FRÁ HOLLYWOOD Í LANGAN TÍMA" S.B. - FBL
CATCHING FIRE
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
PHILOMENA ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 6, 7, 9, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5:50, 8 | 12 |
| CARRIE | 10:10 | 16 |



**OPINN** Ethan er ófeiminn við að tjá sig um fortíðina.

## Sér ekki eftir hjónabandinu

Níu ár eru síðan leikarinn Ethan Hawke og leikkonan Uma Thurman skildu en þau felldu hugi saman árið 1997 við tökur myndarinnar Gattaca.

„Gattaca var frábær stund í mínu lífi og frábær stund í lífi Umu Thurman. Við urðum mjög ástfangin. Við reyndum að vera eins bjartsýn og við gátum. Við vildum trúa á ást og möguleikann á ást. Maður gerir sér betur grein fyrir því hve sterk ástin er þegar maður eldist. Þá skilur maður hvernig tilfinningar geta leitt mann í góðar áttir og hættulegar áttir. Ég sé ekki eftir því að hafa gengið ungur í hjónaband,“ segir Ethan í samtali við tímaritið Mr. Porter.

Ethan og Uma voru gift í sex ár en skildu árið 2004. Þau eiga tvö börn saman, dótturina Mayu, fimmtán ára og soninn Roan, ellefu ára. Ethan kvæntist barnfóstru þeirra, Ryan Shawhughes, árið 2008 og eiga þau tvö börn saman.

- lkg



**LJÓSTRAR UPP LEYNDARMÁLI** Maria er komin út úr skápnum.

## Komin út úr skápnum

Leikkonan Maria Bello kom út úr skápnum í dálki í New York Times fyrir helgi. Í dálkinum segist Maria hafa verið í sambandi með bestu vinkonu sinni Clare um langt skeið. Þá deilir hún því einnig með lesendum hvernig hún sagði tólf ára syni sínum Jackson frá ráðahagnum en hann var farið að gruna ýmislegt.

„Ég dró djúpt andann og vissi að svarið mitt, og viðbrögð hans, myndu breyta lífi okkar um ókomna tíð. Ég var í sambandi með manneskju og var ekki búin að segja honum það. Ég var með konu sem var besta vinkona mín og eins og guðmóðir sonar míns,“ skrifar Maria. Hún ákvað að láta reyna á samband með Clare þegar hún skoðaði gamlar dagbækur í bakgarðinum sínum.

„Ég fann svarthvíta mynd af okkur sem var tekin á gamlárskvöld. Við vorum svo hamingjusamar. Ég gat ekki annað en brosað. Ég gerði mér ekki grein fyrir því, fyrr en þarna, að við gætum elskað hvor aðra á rómantískan hátt.“

Maria var áður í löngu sambandi með Dan McDermott og eignuðust þau Jackson saman árið 2001.

- lkg

# Galdrar eða fúsk?

**BAKÞANKAR**
Ólafar Skaftadóttur



Frændi minn telur að betur hefði farið á því að Baldur Brjánsson töframaður hefði verið á sviðinu í Hörpu í stað ráðherranna tveggja, sem hróðugir kynntu boðskapinn um skuldahvarfið á laugardaginn.

**VONANDI** hefur minn góði frændi rangt fyrir sér varðandi töframennina tvo – og þeim takist að redda þeim fjármunum sem upp á vantar. Þrátt fyrir allt held ég að við ættum að reyna eftir fremsta megni að gera okkur vonir um að nú sé verið að binda enda á drungalega lægðindatíð, sem einhvern veginn hefur lamað allt og alla. Ég er farin að þrá útbreidda almenna bjartsýni.

**ÉG** hef engar forsendur til að meta galdrana sem sýndir voru á sviðinu. Hvort á ferðinni voru hreinar sjónhverfingar fúskara eða alvöru töfrabrögð. Ég vona svo sannarlega að tíminn leiði í ljós að það var hið síðarnefnda.

**KANNSKI** ráðum við mestu um það sjálf. Til að galdur virki, verður fólk að trúa á hann. Að því leyti er hann náskyldur hagfræðinni, ef ég skil þau fræði rétt. Hún snýst meira og minna um hjarðhegðun sem efnahagsráðstafanir kalla fram samkvæmt ákveðnum lögmálum.

**ÞESS** vegna vil ég gera allt sem í mínu valdi stendur til að trúa á galdurinn – í það minnsta þangað til hugsanlegir loddarar verða afhjúpaðir. Virkir í athugasemdum og fleiri góðir hafa þegar sagt okkur að það eru ekki allir til í að trúa. Það er svo sem rétt athugað að oft er miklu fórnað fyrir trúna, stundum sannleikanum. Þannig að ég ætla að passa mig á að hengja ekki geðheilsuna alfarið á ákvarðanir tveggja miðaldra karlmanna í brúnni.

**EN** mikið hefðum við nú gott af því öll að öðlast trú á að nú sé bjartari tíð í vændum. Trúin flytur fjöll og kannski – vonandi – skuldir.

# Lagði lífið að veði til að halda jól hátíðleg

Mazen Maarouf hlakkar til fyrstu, og kannski einu, jólanna á Íslandi.

„Jólin fyrir mér eru persónuleg. Þó að ég tilheyri múslímafjölskyldu, fögnuðum við alltaf jólunum í Beirút,“ segir Mazen Maarouf, palestínskt ljóðskáld og þýðandi, sem var bjargað hingað til lands árið 2011 af samtökunum ICORN í samstarfi við Reykjavíkurborg. Honum höfðu borist líflátshótanir vegna blaðaskrifa sinna um stjórnmál, þar sem hann talar fyrir friði og jafnrétti kynjanna, í Miðausturlöndum.

Sjálfur er Mazen palestínskur að uppruna en hefur alla tíð haft stöðu flóttamanns í Líbanon. Hann fæddist árið 1978 í Beirút.

„Við áttum jólatré úr plasti, sem við fengum að gjöf frá vinkonu móður minnar. Það var ekki í sérstaklega góðu ásigkomulagi, en það skipti ekki öllu máli. Á hverju ári hlökkuðum við til að setja upp tréð, um miðjan desember. Faðir minn skreytti tréð með sama skrautinu, það var gamalt skraut sem mátti muna fífil sinn fegri, en það skipti engu máli,“ segir Mazen.

Á þessum tíma ríkti stríðsástand í Líbanon. „Stríðið var á ákveðinn hátt á milli múslíma og kristinna eða hægri- og vinstrisinnaðra, líbanskra, palestínskra og sýrlenskra borgara. Þannig tókum við mikla áhættu, að fagna kristinni hátíð eins og jólum, í Líbanon á tímum stríðs. Jólin voru ein ástæða þess að ég gerði mér grein fyrir að mannréttindi eru mikilvægari en blind trú á hugmyndafræði einna trúarbragða,“ segir Mazen.

Mazen er gríðarlega spenntur fyrir að fagna jólunum á Íslandi í fyrsta sinn, og kannski það eina, en hann hefur sótt um ríkisborgararétt á Íslandi sem hann fær skorið úr um á næstu vikum. „Ég er fullur tilhlökkunar. Ég á djúpa tengingu við landið og marga vini. Mér þykir svo vænt um fólkið mitt hér. Þó að ég sé ekki með fjölskyldunni minni er vel séð um mig. Ég á meira að segja íslenska mömmu!“ segir Mazen, léttur í bragði.



**FÆR SVAR VIÐ UMSÓKNINNI Á NÆSTU VIKUM** Mazen Maarouf heldur fyrstu jólin á Íslandi í faðmi vina. Hann vonast til þess að fá ríkisborgararétt hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mazen er um þessar mundir að vinna að fyrstu skáldsögu sinni. „Mér hefur gengið rosalega vel að skrifa og þýða á Íslandi. Dvölin hefur verið eins og endalaus jól fyrir mig, þar sem er ekkert stríð og engin átök og mér finnst ég óhultur,“ segir Mazen.

olof@frettabladid.is

> **Dvölin hefur verið eins og endalaus jól fyrir mig, þar sem er ekkert stríð og engin átök og mér líður óhultum.**
> *Mazen Maarouf*

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
PARADÍS: VON
"IT COULD BE HIS BEST FILM SO FAR" - THE GUARDIAN
SVT KLAPPTRÉ
LUKAS MOODYSSON
VIÐ ERUM BESTAR!
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI TRIBECA 2013
THE BROKEN CIRCLE BREAKDOWN
SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér


DACIA
DACIA DUSTER 4X4
Í FYRSTA SÆTI
HAGKVÆMASTI JEPPINN*
Duster
DACIA DUSTER
4X4 DÍSIL
5,3 l/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI
3.990 ÞÚS. KR.
KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI KR. 400.000
Á SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLUM TIL ÁRAMÓTA.
DRÁTTARBEISLI
VETRAR- OG SUMARDEKK
16 TOMMU ÁLFELGUR
METALLIC LAKK
* Árlega birtir þýska bílablaðið AutoBild niðurstöður frá eftirlitsfyrirtækinu EuroTax-Schwacke um rekstrarhagkvæmni bíla. Í ár unnu Dacia bílar til fimm verðlauna af ellefu eða fleiri verðlauna en nokkur önnur bílategund. Dacia Duster bar sigur úr býtum í jeppaflokknum. Sjá bílablaðið AutoBild Nr. 49/2012.
Dacia Duster var valinn bíll ársins 2013 í Skotlandi og Skotar vita allt um hagkvæmni.
UMMÆLI
Fáir viðskiptavinir gera meiri kröfur um rekstrarhagkvæmni en bílaleigur. Íslenskar bílaleigur hafa keypt á annað hundrað nýja Dacia Duster á árinu.
Umsagnir þeirra eru allar á einn veg: „Dacia Duster er gríðarlega hagkvæmur bíll í rekstri og hentar vel við allar aðstæður hér á landi. Gott fjórhjóladrif, sparneytinn og ótrúlega rúmgóður. Dacia Duster hefur reynst okkur ótrúlega vel."
Magnús Sverrir Þorsteinsson
Blue Car Rental
EXTRA LÁGUR 1.GÍR - LÆSING Á MIÐDRIFI - STÖÐUGLEIKASTÝRING OG SPÓLVÖRN
HLJÓMTÆKI MEÐ GEISLASPILARA OG USB-TENGI FYRIR MP3 - AÐGERÐARHNAPPAR VIÐ STÝRI - LOFTKÆLING
www.dacia.is
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

## Kolbeinn Tumi fékk Hvataverðlaun ÍF

Kolbeinn Tumi Daðason, íþróttafréttamaður hjá Fréttablaðinu, hlaut í gær Hvataverðlaun Íþróttasambands fatlaðra en þau voru þá veitt í fyrsta sinn. Hvataverðlaunin eru veitt einstaklingum, félagasamtökum, stofnun, fyrirtæki eða öðrum aðilum sem á framsækinn hátt hafa unnið í þágu íþróttastarfs fatlaðra á viðkomandi ári. Kolbeinn Tumi frumsýndi heimildarmynd sína **„Ef ég hef trú á því þá get ég það“** á árinu 2013 en þar er fylgst með sundkappanum Jóni Margeiri Sverrissyni á leið sinni að verða Ólympíumeistari í 200 metra skriðsundi þroskahamlaðra. Kolbeinn Tumi og Jón Margeir eru hér til hægri.



## Bresk íþróttastjarna kom út úr skápnum

**SUND** Tom Daley, nítján ára breskur dýfingakappi og vinsæl íþróttahetja í heimalandinu, greindi frá því í myndbandi sem birtist á Youtube-síðu hans, að hann væri í sambandi með karlmanni.

Hann lýsti því í myndbandinu að líf hans hefði tekið miklum breytingum um síðastliðið vor þegar hann byrjaði í nýju sambandi.

„Sá er karlmaður,“ sagði Daley. Hann segist vera tvíkynhneigður. „Ég er auðvitað enn hrifinn af stelpum en ég hef aldrei verið hamingjusamari en nú.“

Viðbrögðin í Bretlandi hafa verið sterk og Daley hefur verið lofaður fyrir að stíga þetta skref og vera þannig fyrirmynd fyrir ungt fólk í Bretlandi.

Daley var yngsti keppandi Bretlands á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008 og varð heimsmeistari í stökki af 10 metra palli á HM í Róm ári síðar. Hann var þá aðeins fimmtán ára gamall og þegar orðinn þjóðþekktur í Bretlandi.

Miklar vonir voru bundnar við hann þegar Ólympíuleikarnir voru haldnir í London í fyrra en þá vann hann til bronsverðlauna í sömu grein.

- esá



**TOM DALEY**

# Jólin komu snemma hjá Helga í ár

### Heimsmeistari í spjótkasti og 38-faldur Íslandsmethafi eru íþróttafólk ársins úr röðum fatlaðra fyrir árið 2013 en Helgi Sveinsson og Thelma Björg Björnsdóttir voru verðlaunuð við jólalega og glæsilega athöfn á Radisson Blu Hóteli Sögu í gær.

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Ný nöfn voru skrifuð á bikara íþróttafólks ársins úr röðum fatlaðra í gær en 34 ára frjálsíþróttamaður úr Ármanni og 17 ára sundkona úr ÍFR voru heiðruð við árlega viðhöfn Íþróttasambands fatlaðra í gær.

Helgi Sveinsson varð heimsmeistari í spjótkasti á heimsmeistaramótinu í Lyon í Frakklandi í flokki F42 og Thelma Björg Björnsdóttir skipaði sér í sess með fremstu sundkonum heims í flokki S6 og setti alls 38 Íslandsmet á árinu.

**Vantar bara eitt Íslandsmet**

„Ég er rosalega ánægð með þetta ár en það skemmtilegasta á árinu var HM í Montréal,“ sagði Thelma Björg Björnsdóttir. Hún komst í úrslit í öllum greinum sínum á HM og náði best fimmta sæti í 400 metra skriðsundi.

„Það gekk vel á HM en mér fannst 100 bringusundið standa upp úr,“ sagði Thelma Björg, en hún var ánægðari með bringusundið en 400 metra skriðsundið þar sem hún náði sínum besta árangri. Tomas Hajek, þjálfari hennar, segir framfarirnar hafa verið miklar í bringusundinu og það skipti stelpuna miklu máli. „Hún er búin að bæta sig ótrúlega mikið síðustu tvö ár,“ segir Tomas.

Thelma Björg setti alls 38 Íslandsmet á árinu og á nú nánast öll metin í hennar flokki. „Ég held að hún sé búin að ná öllum Íslandsmetunum í sínum flokki nema í 100 metra flugsundinu,“ segir Tomas Hajek. Hann segir helst vanta meiri samkeppni fyrir hana hérna heima. „Ég er að vona að það komi upp einhver önnur sundkona sem ætlar sér að bæta Íslandsmetin hennar. Thelma þarf að fá meiri samkeppni því í dag er hún bara langbest,“ segir Tomas.

**Getur náð verðlaunum á EM**

En hvernig fór Thelma Björg að þessu? „Ég var bara dugleg að æfa,“ svaraði Thelma Björg og Tomas tekur undir það. „Hún vill æfa og hún vill bæta sig. Hún er líka með flotta tilfinningu fyrir vatninu. Hún getur gert meira í lauginni heldur en sundmenn sem eru ekki spastískir. Hún finnur oft sjálf hvað er best að gera,“ segir Tomas og bætir við:

„Það er stór möguleiki fyrir hana að ná verðlaunum á EM á næsta ári ef hún er hress og nær að æfa vel. Hún varð þriðji hraðasti evrópski sundmaðurinn á HM í sumar og þess vegna stefnum við á ekkert minna en verðlaun á Evrópumóti,“ segir Tomas.

„Þetta ár er búið að vera draumi líkast og þetta er búið að falla fullkomlega fyrir mig. Þessi verðlaun eru bara jólagjöfin mín og jólin komu fyrr hjá mér en öllum hinum. Þetta er frábært,“ segir Helgi Sveinsson himinlifandi með verðlaunin.

„Það þýðir ekkert annað en stefna alla leið, annars væri ekkert gaman að þessu. Heimsmeistaramótið í júlí er hápunkturinn. Sú stund datt nánast út hjá mér og ég finn hana ekkert aftur. Ég er búinn að horfa aftur á upptöku af þessu en samt man ég ekki hvernig dagurinn var. Þetta er samt klárlega einn besti dagur sem ég hef upplifað,“ segir Helgi sem tryggði sér HM-gull í Lyon í Frakklandi í síðasta kastinu.

„Ég náði þessu í síðasta kasti og þetta er eins og í einhverri lygasögu,“ segir Helgi brosandi. HM-gullið verður hins vegar aldrei tekið af honum og hann er ekki hættur.



**VALIN Í FYRSTA SINN** Helgi Sveinsson og Thelma Björg Björnsdóttir með verðlaun sín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Með stór markmið**

„Ég er engan veginn hættur. Ég er með stór markmið en læt þau ekki uppi alveg strax,“ segir Helgi sem felldi sundmanninn Jón Margeir Sverrisson af stallinum sem íþróttamaður ársins hjá fötluðum. Jón Margeir hafði unnið þessi verðlaun þrjú ár í röð.

„Það er mikill heiður fyrir mig að taka við verðlaunum frá honum. Jón Margeir er alveg ótrúlegur íþróttamaður en hann er kominn með keppinaut núna og við skulum síðan sjá til hvað ég endist lengi. Hann er ungur en ég er að verða svolítið gamall. Það er alltaf markmiðið að komast með honum á Ólympíuleikana 2016. Við skulum sjá hvað gerist,“ sagði Helgi.

ooj@frettabladid.is

**Aðalfundur**

**Landssamtaka Eldri Kylfinga, LEK,**
verður haldinn þriðjudaginn 10. desember 2013,
kl. 19.30 í GR Grafarholti.

Venjuleg aðalfundastörf.

*Stjórnin*

GOLFKLÚBBURINN ODDUR

**Aðalfundur Golfklúbbsins Odds (GO)**

verður haldinn í golfskálanum Urriðavelli mánudaginn 9.desember nk. kl. 20.00

Dagskrá:
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins starfsárs
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
- Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- Umræður og atkvæðagreiðslur um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar
- Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn
- Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- Önnur mál

**Félagar eru hvattir til að mæta**



**SIGURVEGARAR** Vala Rún og Kristín Valdís með sigurlaunin sín um helgina. MYND/AÐSEND

## Fá ekkert jólafrí

### Nóg að gera hjá nýkrýndum Íslandsmeisturum.

**SKAUTAÍÞRÓTTIR** Um helgina fór fram Íslandsmótið í listhlaupi á skautum í Egilshöll en alls tók 61 keppandi þátt. Vala Rún B. Magnúsdóttir, sautján ára, varð Íslandsmeistari í unglingaflokki en það er elsti flokkurinn sem er keppt var í. Hin fimmtán ára Kristín Valdís Örnólfsdóttir vann í stúlknaflokki en báðar keppa þær fyrir SR.

„Þrátt fyrir ungan aldur eru þær báðar reynsluboltar sem hafa æft mikið og lengi,“ sagði Bjarnveig Guðjónsdóttir hjá Skautasambandi Íslands. Keppnistímabilið er í fullum gangi og nær hápunkti í febrúar þegar Norðurlandamótið fer fram í Svíþjóð. Fyrir það keppir landsliðið einnig á sterku móti í Slóvakíu auk þess sem okkar besta fólk keppir á Reykjavíkurleikunum í janúar.

„Það eru því strangar æfingar fram undan og okkar besta fólk er til að mynda að fara í æfingabúðir um jólin,“ segir Bjarnveig. Sem stendur hafa sex náð lágmarksviðmiði fyrir landsliðshópinn – tvær í unglingaflokki og fjórar í stúlknaflokki.

- esá



**HÖRKULEIKUR** Jóhann Árni og félagar eru komnir í átta liða úrslit í bikarnum eftir sigur í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLIT

**POWERADE-BIKAR KARLA**

**16-LIÐA ÚRSLIT**

**KEFLAVÍK - GRINDAVÍK 68-72**

**Keflavík:** Michael Craion 22/14 fráköst/6 stoðsendingar/5 stolnir, Darrel Keith Lewis 12/8 fráköst, Gunnar Ólafsson 8/7 fráköst, Valur Orri Valsson 7, Arnar Freyr Jónsson 6, Ragnar Gerald Albertsson 5, Guðmundur Jónsson 3, Hafliði Már Brynjarsson 3, Þröstur Leó Jóhannsson 2.

**Grindavík:** Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20/11 fráköst, Earnest Lewis Clinch Jr. 17/5 fráköst/5 stoðsendingar, Jóhann Árni Ólafsson 12/5 fráköst/6 stoðsendingar, Ómar Örn Sævarsson 10/6 fráköst, Ólafur Ólafsson 8/10 fráköst, Þorleifur Ólafsson 3, Jón Axel Guðmundsson 2/10 fráköst.

**LEIKIR DAGSINS**

**ENSKA ÚRVALSDEILDIN**

**20.00 C. PALACE - WEST HAM SPORT 2**

**visir.is**
Meira um leik gærkvöldsins

# Panasonic

## NEO PLASMA SJÓNVARP




**Panasonic TXP50ST60**

**299.990**

VERÐ ÁÐUR **329.990**

## Margverðlaunaður NeoPlasma skjár

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum.**

**2500Hz Focused Field Drive**
Öll myndhreyfing er óaðfinnaleg. Vreal 3D Pro örgjöfinn tryggir alla litaaðgreiningu og með Infinite Black Pro filter verður myndin bjartari, skýrari og þú upplifir meiri myndgæði. High Contrast filter tækni fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum.

**SMART VIERA**
Smart VIERA færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og þú getur horft á sjónvarpið um leið. Með my Home Screen geta allir stillt viðmót sjónvarpsins eins og hentar.

**Swipe & Share 2.0**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort hann byggir á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið þitt.

**Tengimöguleikar**
Margmiðlunarspilari til að skoða og spila allt margmiðlunarefni ásamt Wi-Fi þráðlausum móttakara. Hægt er að skrifa og teikna á skjáinn með snertipenna sem fylgir. Allir helstu tengimöguleikar s.s. 2x USB, 3x HDMI tengi ásamt SD kortalesara.

2500Hz ffd Focused Field Drive · VIERA Connect · Wireless LAN built-in · WEB CONTENT OPTIMIZER · my Home Screen · TOUCH PEN ABC

| TÆKIÐ FÆST EINNIG Í ÞESSUM STÆRÐUM | |
|---|---|
| 42“ KR. 219.990 | ÁÐUR 249.990 |
| 55“ KR. 379.990 | ÁÐUR 429.990 |

# Sjónvarpsmiðstöðin

SM.IS

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.10
### Á fullu gazi

Fjörugur og skemmtilegur bílaþáttur. Þau Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius munu stikla á stóru í bílaheiminum, t.d. etja frægu fólki saman í hörku keppni, prufukeyra nýjustu bílana, hnýsast í bílskúra hjá bílageggjurum og margt fleira.

## Í KVÖLD



### Þriðjudagskvöld með Frikka Dór

**STÖÐ 3 KL. 21.10** Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti. Honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason.



### Heimsréttir Rikku

**STÖÐ 2 GULL** kl. **19.35** Vandaður og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð.



### America's Next Top Model – Lokaþáttur

**SKJÁR EINN KL. 19.55** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Verkefnin eru ólík og stúlkurnar margar en aðeins ein mun standa eftir sem næsta súpermódel.

## Rás 2 kl. 09.05
### Virkir morgnar

Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og fjallar um skemmtileg mál líðandi stundar ásamt liðinna stunda og ókominna.




ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN
Tilnefning
BANDALAG ÞÝÐENDA OG TÚLKA

TIL LUKKU!



Stefán Steinsson
er tilnefndur til Íslensku
þýðingaverðlaunanna fyrir
þýðingu sína á

RANNSÓKNUM
HERÓDÓTUSAR




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Wonder Years**
**10.40** **The Middle**
**11.05** **White Collar**
**11.50** **Flipping Out**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **So you think You Can Dance**
**14.25** **In Treatment**
**14.55** **Lois and Clark**
**15.40** **Sjáðu**
**16.05** **Victourious**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Stelpurnar**
**19.45** **New Girl** *(4:23)*
**20.10** **Á fullu gazi**
**20.40** **The Big Bang Theory** *(4:24)*
**21.05** **How I Met Your Mother** *(22:24)*
**21.30** **The Mentalist** *(1:22)*
**22.15** **Bones** *(7:24)*
**23:00** **Grey´s Anatomy** *(10:22)*
**23.50** **Touch** *(2:14)*
**00.35** **Hung**
**01.00** **The Education of Charlie Banks**
**02.40** **Make It Happen**
**04.10** **Morlocks**
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.00** **Meistaradeild Evrópu. Basel - Chelsea**
**17.40** **Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**18.10** **Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Napoli**
**19.50** **England - Þýskaland**
**21.30** **Spænsku mörkin**
**22.00** **Sportspjallið**
**22.45** **NBA - Bill Russell**
**23.35** **Meistaradeild Evrópu: CSKA Moscow - Bayern Munchen**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.55** **Messan**
**15.05** **West Ham - Fulham**
**16.45** **Tottenham - Man. Utd.**
**18.25** **Premier League World**
**18.55** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**19.50** **Crystal Palace - West Ham** Bein útsending
**21.55** **Football League Show**
**22.25** **Hull - Liverpool**
**00.05** **Crystal Palace - West Ham**
**01.45** **Chelsea - Southampton**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**16.35** **Junior Masterchef Australia**
**17.25** **Miss You Can Do It**
**18.40** **American Dad**
**19.00** **Extreme Makeover**
**19.45** **Hart of Dixie**
**20.25** **Pretty Little Liars** *(13:24)*
**21.10** **Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**21.45** **Nikita** *(13:23)*
**22.25** **Justified** *(13:13)*
**23.10** **Arrow** *(7:23)*
**23.55** **Sleepy Hollow**
**00.40** **Extreme Makeover.**
**01.25** **Hart of Dixie**
**02.05** **Pretty Little Liars**
**02.50** **Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**03.25** **Nikita**
**04.10** **Justified**
**04.55** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Dóra könnuður **07.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Diego **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.42** Ævintýraferðin **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Dóra könnuður **11.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.50** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Diego **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.23** Brunabílarnir **13.43** Rasmus Klumpur og félagar **13.49** Ævintýraferðin **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Dóra könnuður **15.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.50** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Diego **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Iceage **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.55** **Strákarnir**
**17.25** **Friends**
**17.45** **Seinfeld**
**18.10** **Modern Family**
**18.35** **Two and a Half Men**
**19.00** **Örlagadagurinn**
**19.35** **Heimsréttir Rikku** *(1:8)* 2
**0.05** **Um land allt**
**20.30** **Pressa** *(1:6)*
**21.15** **Sælkeraferðin** *(1:8)*
**21.35** **Beint frá býli** *(1:7)*
**22.15** **Hlemmavídeó** *(1:12)*
**22.50** **Bandið hans Bubba** *(12:12)*
**23.25** **Örlagadagurinn**
**23.55** **Heimsréttir Rikku**
**00.25** **Um land allt**
**00.50** **Pressa**
**01.35** **Sælkeraferðin**
**01.55** **Beint frá býli**
**02.35** **Hlemmavídeó**
**03.10** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.20** **Skate or Die**
**12.50** **Mr. Popper's Penguins**
**14.25** **Apollo 13**
**16.40** **Skate or Die**
**18.10** **Mr. Popper's Penguins**
**19.45** **Apollo 13**
**22.00** **Pirates Of The Caribbean. On Stranger Tides**
**00.15** **I Am Number Four**
**02.05** **Sex Drive**
**03.55** **Pirates Of The Caribbean. On Stranger Tides**

## RÚV

**16.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Úmísúmí**
**17.35** **Jóladagatalið – Jólakóngurinn** *(3:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**18.00** **Millý spyr**
**18.07** **Verðlaunafé**
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Viðtalið** *(Lars Lagerbäck)*
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **360 gráður**
**20.40** **Hefnd** *(7:22) (Revenge III)*
**21.25** **Djöflaeyjan**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Síðasta helgin** *(3:3) (The Last Weekend)* Hjónin Ian og Em dvelja um helgi á afskekktum stað í Austur-Anglíu í boði Ollies, gamals skólabróður Ians, og Daisy konu hans. Smám saman er ýmsu ljóstrað upp um fortíð Ians, gamlar erjur þeirra Ollies taka sig upp og það er mikil spenna í loftinu.
**23.10** **Dicte** *(1:10)* Dönsk sakamálaþáttaröð byggð á sögum eftir Elsebeth Egholm um Dicte Svendsen blaðamann í Árósum.
**00.00** **Kastljós**
**00.30** **Fréttir**
**00.40** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.35** **Once Upon A Time**
**17.25** **Dr.Phil**
**18.05** **Save Me**
**18.30** **30 Rock**
**19.00** **Borð fyrir fimm**
**19.30** **Cheers** *(22:26)*
**19.55** **America's Next Top Model –** LOKAÞÁTTUR *(13:13)*
**20.40** **Necessary Roughness** *(3:10)*
**21.30** **Sönn íslensk sakamál** *(7:8)* Ný þáttaröð þar sem fjallað verður um stærstu sakamál þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Strokufanginn Matthías Máni á sér brotaferil en er líklega hvað þekktastur fyrir að hafa strokið af Litla-Hrauni á síðasta ári og endað flóttann mikla í kjötsúpu á Ásólfsstöðum.
**22.00** **Hannibal** *(12 :13)*
**22.45** **CSI: New York** *(13:17)*
**23.35** **Scandal**
**00.25** **Necessary Roughness**
**01.15** **Hannibal**
**02.00** **Law & Order UK**
**02.50** **Excused**
**03.15** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.10** Golfing World **10.00** World Golf Championship 2013 **14.00** World Golf Championship 2013 **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship 2013 **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 1986 **23.45** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



Besta svarið
KOMIÐ Í VERSLANIR
TACTIC
SECURITAS
Besta svarið
Vinir þínir svara – þú velur rétta svarið!
EINFALT OG SKEMMTILEGT
Jim Carrey
Jón Gnarr
Homer Simpson
LOKSINS Á ÍSLANDI VERÐLAUNASPILIÐ BESTA SVARIÐ
MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ
GOLDEN GEEK AWARD
MYNDFORM

**BÍÓMYNDIN**



**You've Got Mail, með Meg Ryan og Tom Hanks, opnaði augu mín fyrir möguleikum netsins, þótt ég hefði ekki opnað stefnumótavefinn Makaleit.is fyrr en 15 árum seinna.**

Björn Ingi Halldórsson, maðurinn á bak við stefnumótasíðuna Makaleit.is

# Vill heilla Pharrell með hauskúpubol

Fatahönnuðurinn Sara María Júlíusdóttir tekur þátt í keppni á vegum tónlistarmannsins Pharrell Williams.

„Ég held mjög mikið upp á hann. Hann er algjört átrúnaðargoð hjá mér. Hann er bæði óendanlega fallegur og gerir ótrúlega góða tónlist. Svo predikerar hann líka svo heilbrigða hugsun og jákvæðan boðskap. Hann predikerar þann boðskap að maður á að vera maður sjálfur," segir fatahönnuðurinn Sara María Júlíusdóttir, oftast kennd við Forynju. Hún tekur nú þátt í keppni á vegum tónlistarmannsins Pharrells Williams á Facebook þar sem fólk sendir inn bol sem það hefur hannað. Vinningsbolurinn verður tilkynntur 16. desember en í verðlaun eru fimm hundruð dollarar, um sextíu þúsund krónur. Auk þess verður bolurinn seldur í verslununum Billionaire Boys Club sem Pharrell stofnaði.

„Mér datt í hug að senda inn bol sem ég og vinkona mín, Hildur Sif Kristborgardóttir, gerðum. Ég er ekki með neinar væntingar. Ég veit ekki hvað ég myndi gera ef ég myndi vinna. Ég myndi örugglega fríka út ef ég fengi persónuleg skilaboð frá honum. En þetta er mjög spennandi, sérstaklega út af því að ef bolurinn minn vinnur verður hann framleiddur og seldur í Billionaires Boys Club. Það væri geðveikt," segir Sara, sem er ávallt með mörg járn í eldinum.

„Ég er að selja mína hönnun í Kirsuberjatrénu og tók þátt í Pop up-markaði í fyrsta sinn síðustu helgi í Hörpu og verð aftur næstu helgi. Síðan er ég að vinna að barnafatalínunni minni sem gengur hægt en örugglega. Ég þarf alltaf að vera með þúsund járn í eldinum." - lkg



**ENGAR VÆNTINGAR** Sara María heldur mikið upp á Pharrell. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rapptónlistarmenn selja föt og plötur

Hægt að kaupa plötur, notuð föt og sérhannaða boli.

Rapptónlistarmennirnir Addi Intro, 7berg, Emmsjé Gauti og Benni B-Ruff munu selja fatnað, plötur og fleira á markaði sem þeir halda á skemmtistaðnum Bravó á laugardaginn frá klukkan 13 til 17. „Ég ætla að selja notuð föt, plötur og eitthvað fleira," segir Ársæll Þór Ingvason, betur þekktur sem Addi Intro. Nóg verður á boðstólum fyrir áhugasama.

„Össi (Örn Trönsberg, einnig þekktur sem 7berg) mun selja boli sem hann hannar sjálfur, Benni (Benedikt Freyr Jónsson, einnig þekktur sem Benni B-Ruff) var að flytja og er að selja fullt af hlutum og svo mun Gauti (þekktur sem Emmsjé Gauti og Gauti Þeyr Másson) selja plötuna sína, fatnað og eitthvað meira. - kak



**Á NÓG AF DÓTI** Addi Intro ætlar að selja vínylplötur sem hann hefur notað.



**Í HÁSKÓLABÍÓI** Hér sjáum við Björn Thoroddsen og Tommy Emmanuel skemmta sér saman á sviði.

# Spilar á sjö tónleikum á sex dögum erlendis

Gítarleikarinn Björn Thoroddsen spilar meira erlendis en hérlendis þessa dagana.

„Það má eiginlega segja að hjólin hafi farið almennilega að snúast hjá mér erlendis þegar ég kom fram með Tommy Emmanuel í Háskólabíói 8. janúar 2012," segir gítarleikarinn Björn Thoroddsen. Hann kemur fram á tvennum tónleikum í Bandaríkjunum og fimm tónleikum í Kanada í desember. „Ég hef spilað töluvert erlendis en þetta er í fyrsta sinn sem ég kem fram alveg einn og einnig í fyrsta sinn sem ég fer í svona tónleikaferðalag út," útskýrir Björn.

Þá hefur kanadísk sjónvarpsstöð óskað eftir því að fá að taka upp eina af tónleikum Björns í Kanada sem lýsir líklega best vinsældum hans ytra. „Það er virkilega ánægjulegt að fá svona góð viðbrögð erlendis."

Um níutíu þúsund manns hafa horft á myndband af Bjössa og Tommy leika á gítar saman á sviði.

Nýverið gaf hann út plötuna Bjössi Thor og Bítlarnir en þar er að finna tólf Bítlalög í sérstakri gítarútsetningu og spilar hann lögin einn og óstuddur, þótt stundum hljómi þau eins og í flutningi hefðbundinnar Bítlahljómsveitar með tveimur gíturum, bassa og trommum. „Bítlarnir hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér," bætir Björn við.



**BJÖRN THORODDSEN**

Túlkun Björns á Bítlalögunum hefur vakið verðskuldaða athygli á tónleikum hans víða um lönd á síðustu misserum og fyrirhugaðar eru tvær tónleikaferðir í desember, til Kanada og Bandaríkjanna. „Hjálmar W. Hannesson, sem er sendiherra í Winnipeg í Kanada, hefur aðstoðað mig mikið í öllu sem tengist tónleikahaldinu erlendis."

Björn segist æfa sig á gítarinn í fjórar til fimm klukkustundir á hverjum degi. „Það er mjög mikilvægt að æfa sig því að það getur tekið rosalega á að spila einn og óstuddur á tveggja klukkustunda löngum tónleikum og þá má maður ekki gera mistök," bætir Björn við.

> **Það er virkilega ánægjulegt að fá svona góð viðbrögð erlendis.**
>
> *Björn Thoroddsen, gítarleikari*

Heilmikið er á dagskránni hjá Birni eftir áramót. „Ég verð nokkurs konar „host" á „gítar-showi" í Denver eftir áramót og þar tek ég á móti helstu gítarleikurum Denver og frá svæðinu í kring." Þá eru einnig fleiri svokallaðar gítarsýningar sem Björn stendur fyrir erlendis eftir áramót en Gítarveisla Bjössa Thor, sem hefur verið í Salnum í Kópavogi, er orðin að árlegum viðburði hér á landi.

gunnarleo@frettabladid.is




# Leita eftir íslenskum pörum á MTV

Breskt framleiðslufyrirtæki óskar eftir Íslendingum í raunveruleikasjónvarp.

Breska framleiðslufyrirtækið Lime Pictures, sem hefur framleitt raunveruleikasjónvarp á borð við The Only Way of Essex og Geordie Shore, leitar nú logandi ljósi að íslenskum pörum á aldursbilinu 18 til 25 ára til þátttöku í raunveruleikaþætti á vegum sjónvarpsstöðvarinnar MTV. Leikstjórinn og rapparinn Ágúst Bent Sigbertsson er í forsvari fyrir verkefnið á Íslandi. „Það er verið að leita að pörum frá allri Evrópu, og þau eru sérstaklega spennt fyrir Íslandi," segir Ágúst Bent. „Fáum íslensk pör á MTV!" bætir hann við.

Danya Lababedi er framleiðandi þáttanna í Bretlandi. „Þættirnir eru enn í þróun en þau hjá MTV eru spennt fyrir þessu. Þættirnar koma til með að fjalla um pör, eitt frá Bretlandi og annað frá Íslandi og svo skipta þau um maka í fjóra daga. Þannig er hægt að sjá menningarmismun og hvort tungumál ástarinnar skiljist milli landa," segir Danya.

„Ég er mjög spennt fyrir Íslandi. Okkur langar að vita meira um Ísland, um næturlífið, menninguna – hvernig það er eiginlega að búa og koma frá Íslandi," segir Danya jafnframt.

Opið er fyrir umsóknir núna og skal senda þær á couples@limepictures.com. - ósk



**SÝSLAR MEÐ VERKEFNIÐ Á ÍSLANDI** Ágúst Bent er í forsvari fyrir verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflétttan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
BEINT ÚR OFNI
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FITON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Söng í Notre Dame

Söngkonan **Diddú** gerir víðreist þessar vikur. Um parsíðustu helgi söng hún með kvennakórnum Vox Feminae í tilefni af 20 ára afmæli kórsins. Kórinn hélt tónleika í Notre Dame, dómkirkju Parísar, og söng einnig íslensk kirkjulög í messu í sömu kirkju. Um næstu helgi mun Diddú koma fram á jólatónleikum Mótettukórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju, ásamt Baldvini Oddssyni trompetleikara. - eb



### Með mömmu og pabba út

**Haukur Heiðar Hauksson,** söngvari Diktu, fór í gærmorgun til útlanda ásamt foreldrum sínum, en það er í fyrsta sinn sem hann ferðast með þeim út fyrir landsteinana síðan hann var 12 ára gamall. Förinni var heitið til Stokkhólms í Svíþjóð. Haukur og faðir hans, Haukur Heiðar Ingólfsson, sitja árlega ríkisráðstefnu sænskra lækna, en þeir eru báðir læknar. Sveinrós Sveinbjarnardóttir, móðir Hauks, starfar einnig í heilbrigðisgeiranum, en hún er hjúkrunarfræðingur. - kak



## Mest lesið Vísir

1 Nágrannar um byssumanninn: „Hann var bara búinn að vera ruglaður í hálfan sólarhring"
2 Blaðamannafundur vegna skotárásar í Árbæ
3 „Hann tók bara Rambó á þetta"
4 Myndband: Lögreglumenn skjóta á íbúð mannsins
5 „Hann er að koma út"
6 Nágranni byssumannsins: „Var svo hrædd að ég vildi ekki vekja börnin"
7 Maðurinn lést af völdum skotsára





